



## Ætluðu að gifta sig en náðu því ekki

Mæðgurnar Heiða Björg og Eygló Scheving kalla eftir breytingu á erfðalögum. Heiða hefur, eftir skyndilegt fráfall sambýlismanns síns, átt í deilum við systkini hans um rétt sinn til helmings eigna þeirra og til að búa áfram á sameiginlegu heimili þeirra. Lögmaður mæðganna segir mál á þessu sviði oft flókin og dramatísk og að þar sé oft einhver ósanngirni. → 20

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



## Prinsinn kveður

Filippus prins er allur og þó að ýmislegt megi um hann segja var hann ekki leiðinlegur en háð hans þótti oft meinfýsið. → 46


## Tækifæri í tölvuleikjunum

Þorgeir F. Óðinsson segir kostina fyrir tölvuleikjaumhverfið á Íslandi ýmsa en störfum í iðnaðinum fjölgaði um ellefu prósent í fyrra. → 26



## VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR Á ELKO.IS

Netspjallið er opið alla daga til 21:00  
Sjá opnunartíma verslana á elko.is



ELKO





Komufarþegar á Keflavíkurflugvelli.

## Brot á sóttkví orðin hundrað

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan hefur skráð 302 brot gegn sóttvarnalögum síðan faraldurinn hófst og þar af 95 á þessu ári. Þetta kemur fram í svari Ríkislögreglustjóra við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Flest brotin, 186 talsins, falla undir brot á sóttvörnum. Svo sem brot á reglum um lokun samkomustaða, brot á fjöldatakmörkunum og reglum um fjöldasamkomur. 73 slík brot eru skráð á þessu ári.

Brot einstaklinga eru færri en samt 116 talsins. Flest lúta brotin að sóttkví, 100 talsins, og 20 á þessu ári. Sextán tilvik hafa verið skráð sem brot á einangrun og tvö á þessu ári. Það eru einstaklingar með grunaða eða staðfesta COVID-19 sýkingu. Í þessum tölum eru ekki tilteknar allar þær tilkynningar sem lögreglu hafa borist um brot á sóttkví heldur aðeins þau tilvik sem skráð eru sem brot. – khg

## Vorverkin í kuldagalla



Árlegu vorverkin við að grisja trén virtust hálfkuldaleg við Brúarland við Varmá í Mosfellsbæ þegar unnið var á snævipöktum blettum. Aðstæðurnar minntu meira á kaldan vetrardag en upphafslega vorsins en þessir vinnumenn létu kuldann ekki trufla sig við sína iðju og snyrtu til á svæðinu í aðdraganda sumarsins. Það er ekki seinna vænna þegar aðeins tólf dagar eru í sumardaginn fyrsta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Skóða gosið á eigin ábyrgð

**ELDGOS** Gossvæðið í Fagradal verður vaktað af lögreglu og björgunarsveitum frá hádegi í dag til miðnætis en lokað verður inn á svæðið klukkan 21. Rýming hefst klukkan 23 og verður lokið fyrir miðnætti.

Í dag er gert ráð fyrir hægri suðlægrri eða suðvestlægrri átt og þurru að kalla. Hægt vaxandi vindur þegar líður á daginn. Suð- og síðar suðvestan 8-13 metrar á sekúndu með eljum og verður hiti í kringum frostmark. Gasmengun berst einkum til norðurs og norðausturs og gæti borist að Vogum og til höfuðborgarsvæðisins, segir í tilkynningu frá lögreglunni. Á morgun, sunnudag, er sama fyrirkomulag.

Í tilkynningunni segir að þeir sem ætla sér inn á svæðið fyrir hádegisbilið um helgina geri það á eigin ábyrgð. Svæðið sé hættulegt, ekki síst vegna lélegra loftgæða. Lögreglan minnir á að hún geti án fyrirvara lokað fyrir alla umferð inn að gosstöðvunum og biður þá sem ætla að skóða gosið að kynna



Gangan á eldstöðvarnar tekur um klukkustund. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

sér bannsvæði við eldstöðvarnar.

„Svæðið er ekki fyrir litil börn, þau eru viðkvæm og nær jörðinni en þeir sem eldri eru og því útsett fyrir skaðlegum lofttegundum. Þeir sem klæða sig ekki vel hafa ekkert inn á svæðið að gera,“ segir í tilkynningunni.

Þá minnir lögreglan á að hundar eigi ekkert erindi á gosstöðvarnar, þeir séu útsettari fyrir mengun vegna gass þar sem þeir eru nær jörðu og þá geti flúor leynst í pollum sem þeir drekki úr. – bb

## Elsti þyrlufarþeginn í gosið var nærri 98 ára

Eldgosið við Fagradalsfjall er mikil lukka, að sögn Þórunnar Sigurðardóttur hjá Heli Austria. Fyrirspurnir um þyrluflug að gosstöðvunum streymi nú að utan. Viðkvæmir hópar njóti forgangs í flugið sem kostar 50 þúsund krónur á mann.

**ELDGOS** „Sú elsta sem hefur komið með okkur nýlega var hátt í 98 ára gömul og naut sín einstaklega vel í faðmi fjölskyldunnar og fékk stól og teppi með í ferðina á svæðið svo færi vel um hana,“ segir Þórunn Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heli Austria, sem býður þyrluflug að gosstöðvarnar við Fagradalsfjall.

Helia Austria er eitt nokkurra þyrlufyrirtækja sem býður flug á gosstöðvarnar. Flogið er frá Krýsuvíkurrétt við vegamót Krýsuvíkuveg og Suðurstrandarveg. Verðið er fimmtíu þúsund krónur.

Þórunn segir bókað fram í tímann í þyrluflugið. Fyrirtækið setji í forgang fólk sem eigi erfiðast með að koma sér sjálft á svæðið.

„Við erum að reyna núna að fara með eldri borgara og fatlaða og við erum að taka hjartadeildina á Landspítalanum,“ segir Þórunn.

„Þessi hópur hefur verið virkilega einangraður í baráttunni við COVID og því tel ég það þeirra forréttindi að fá að njóta þess að komast á svæðið vel og örugglega. Fólk bundið við hjólastóla, alvarlega veikir og fjölskyldur þeirra eiga því góðan aðgang að okkur og ég hvet sem flesta sem langar en telja sig ekki nógu hrausta – að heyrna í okkur og sjá hvað við getum gert fyrir þau,“ segir Þórunn.

Að sögn Þórunnar er fólk í þessum hópi þakklátt. „Þetta er fólk sem á erfiðast með að panta í gegnum tölvupóst þannig að við höfum eytt aðeins meiri tíma í að sinna því frekar. Að sama skapi reynum við að forðast að blanda alltof mikið saman í vélnar,“ útskýrir hún.

Þórunn segir fjölmargar fyrirspurnir hafa borist að utan. Fólk setji ekki fyrir sig þótt gosinu gæti



Andrés Ágúst Guðmundsson fagnaði sjötugsafmælinu með þyrluflugi að gosinu ásamt eiginkonu sinni Sædisi Guðmundsdóttur. MYND/ADSEND

Þessi hópur hefur verið virkilega einangraður í baráttunni við COVID og því tel ég það þeirra forréttindi að fá að njóta þess að komast á svæðið vel og örugglega.

Þórunn Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heli Austria



verið lokið er það kemur til landsins, slíkt sé aðráttarafl svæðisins.

„Ég hef orðið vitni að fimm eldgosum í mínum þyrlurekstri og fólk heldur alveg áfram að koma og staðirnir halda áfram að vera vinsælir þótt það sé löngu slökknáð í öllu,“ segir hún.

Eins og staðan sé núna þarf að stíga varlega til jarðar, itrekar Þórunn.

„Við þurfum að fara vel með þessa lukku sem gosið í raun og veru er. Þetta er náttúrlega besta markaðsherferð sem Ísland hefði getað farið í á þessum tíma og ódýrasta – hún kostar ekki neitt,“ segir Þórunn Sigurðardóttir. gar@frettabladid.is

orkusalan



Ertu að flytja?

VIÐ GEFUM  
ÞÉR KASSANA

Komdu yfir í stuðið á [orkusalan.is](http://orkusalan.is)





# TRAUSTUR VINNUFÉLAGI Í ÖLL VERK


TOYOTA PROACE CITY



Toyota Proace City er harðjagl með góða dráttargetu (allt að 1,5 tonn) og mikið burðarþol (allt að 1 tonn). Hann er lipur í akstri, athafnar sig vel í þröngum götum og bílastæði eru ekki vandamál. Proace City er fánlegur í nokkrum útfærslum sem henta bæði fyrirtækjum og stærri fjölskyldum.

**Proace City kemur með 7 ára (3+4) ábyrgð og honum fylgir 3 ára þjónusta.** Skoðaðu nánar á [toyota.is](http://toyota.is)

Verð með vsk. frá: 4.290.000 kr.



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6  
570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300


Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
420 6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



TÖLUR VIKUNNAR 04.04.2021 TIL 10.04.2021



123

Íbúðir í fjölbýli eru í byggingu á Akureyri samkvæmt talningu SI.

300

milljónum króna nemur árleg viðhaldsþörf á götum Reykjanesbæjar.



150

Þúsund farþegar skemmtiferðaskipa eru áætlaðir til Reykjavíkur næsta sumar.

528

Íbúa fjölgun varð í Reykjavíkurborg frá 1. desember 2020 til 1. apríl síðastliðins.



27.801

einstaklingur hefur verið fullbólusettur á Íslandi.

## Þrjú í fréttum Landamæri, útlönd og frjókorn

### Helga Vala Helgadóttir

formaður velferðarnefndar

fagnar því að nýjar reglur heilbrigðisráðuneytisins um sóttvarnir við landamærin séu skýrari. „Að minnu mati er það jákvæð breyting að sömu reglur séu í gildi fyrir alla farþega óháð því hvaðan þeir eru að koma. Þetta virðist mun skýrara sem er mikilvægt þegar íþyngjandi reglur eru settar. Um leið eru þau að setja strangari reglur um brot á sóttkvíarreglum sem er jákvætt,“ sagði hún aðspurð um reglurnar.



### Brynjar Niésson

þingmaður Sjálfstæðisflokksins

vakti umtal þegar hann greindi frá nýlegri utanlandsferð sinni til Spánar. Á meðal gagnrýnenda Brynjars var Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, sem sagði Brynjar reka fingurinn framan í sóttvarnaryfirvöld á Íslandi með óþarfa ferðalögum. Brynjar svaraði fyrir sig og sagði að utanlandsferðin hefði verið vegna veikinda í fjölskyldunni.



### Ewa Maria Przedpelska-Wasowicz

sérfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun

segir fjölgun frjókorna á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri á undanförunum þrjátíu árum ekki vera línulega og að sveiflur séu miklar á milli ára. Nýjar tegundir frjókorna hafi bæst við frá Evrópu, sumar hverjar ofnæmisvaldandi. „Loftslagið er að breytast, plöntunum að fjölga og þær blómgastr fyrir,“ segir Ewa.



# Fleiri leitað til Foreldrahúss eftir að faraldurinn hófst hér

Aðsókn í Foreldrahús hefur aukist í faraldurinum. Framkvæmdastjórinn segir örula á sofandahætti meðal foreldra sem átti sig ekki á hættunni sem getur skapast sýni börn þeirra áhættuhegðun eða upplifi vanlíðan. Þá hafi álag á fjölskyldur aukist í faraldurinum og mikilvægt sé að leita til ráðgjafa sem fyrst.

**COVID-19** „Það var algjör sprenging hjá okkur í haust,“ segir Berglind Gunnarsdóttir Strandberg, framkvæmdastjóri Foreldrahúss, um aukningu í aðsókn til samtakanna í kjölfar kórónaveirufaraldursins.

„Aukningin í kjölfar COVID var slík að ég þurfti að ráða inn manneskju til að sinna öllum þeim sem til okkar leita,“ segir Berglind. Í Foreldrahúsi er boðið upp á ráðgjöf í formi viðtala og námskeiða fyrir börn og unglunga í vanda og foreldra þeirra.

Berglind segir þau mál sem koma inn á borð Foreldrahúss jafn ólík og þau séu mörg. Um sé að ræða mál er tengist ofbeldi, neyslu, samskiptum og áhættuhegðun. „Núna erum við svölitið að biða eftir þeim krökkum sem voru að byrja í framhaldsskóla í haust en gátu ekki mikið farið í skólann,“ segir hún, en nemendur í framhaldsskólum hafa síðastliðið ár að miklu leyti verið í fjarnámi vegna sóttvarnareglna og samkomutakmarkana.

„Það er mikil vanlíðan hjá þessum krökkum,“ segir Berglind. „Í vetur höfum við líka fengið inn á borð hjá okkur ofbeldismál, bæði þar sem ungmenni eru gerendur og þar sem ofbeldi er á heimilum,“ bætir hún við.

Berglind segir þráðinn stuttan hjá stórum hópi foreldra og að faraldurinum hafi fylgt mikið álag á fjölskyldur. „Þar sem ástandið var ekki gott fyrir, þá hefur það ekki batnað í faraldurinum, það er óhætt að segja að það hafi frekar versnað.“

Hvað varðar neyslu unglunga segist Berglind hafa orðið vör við að það örli á sofandahætti hjá foreldrum. „Fólk er ekki alveg vakandi fyrir því hvað börnin þeirra eru að gera og að það gæti verið hættulegt,“



Berglind hvetur foreldra til að leita sem fyrst til ráðgjafa sýni börn þeirra áhættuhegðun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í vetur höfum við líka fengið inn á borð hjá okkur ofbeldismál, bæði þar sem ungmenni eru gerendur og þar sem ofbeldi er á heimilum.

Berglind Gunnarsdóttir Strandberg, framkvæmdastjóri Foreldrahúss

segir hún og tekur dæmi um neyslu á efninu Spice.

„Það er kemískt efni sem erfitt er að greina og unglingar virðast vera dálítið að nota það. Um er að ræða baneitrað og hættulegt efni,“ segir Berglind. „Svo eru kannabisefni alltaf vinsæl og þau eru sterkari en áður,“ bætir hún við.

Spurð að því hvað sé til ráða segir Berglind að mikilvægt sé að leita til ráðgjafa sem fyrst. „Það er betra að koma í viðtal sem fyrst í stað þess að lenda í miklum vanda,“ segir hún og hvetur foreldra til að grípa sem fyrst inn í, gruni þá að börnin þeirra

seu að fíkta við vímuefni eða upplifi vanlíðan.

„Það er betra en að banna hitt og þetta, slíkar hótanir virka ekki,“ segir Berglind. Þá segir hún að þrátt fyrir faraldurinn hafi nánast tekist að halda allri starfsemi Foreldrahúss gangandi. Fresta hafi þurft námskeiðum fyrir foreldra vegna plássleysis en samtökin safna nú fyrir nýju húsnæði.

„Við erum í leiguhúsnæði sem okkur er ekki tryggt og því fylgir óvissa, draumurinn er að kaupa okkar eigið húsnæði,“ segir Berglind. [birnadrofn@frettabladid.is](mailto:birnadrofn@frettabladid.is)

## GOÐSÖGNIN RAFMÖGNUM

TRYGGIÐ YKKUR BÍL Í FORSÖLU. VÆNTANLEGUR Í BYRJUN SUMARS.



## PLUG INTO MORE ADVENTURE

THE 2021 WRANGLER 4xe

NÝR WRANGLER RUBICON 4xe PLUG-IN-HYBRID

VERÐ FRÁ KR. 9.490.000\*

LAUNCH EDITION KR. 10.490.000\*

ALVÖRU JEEPI MED 100% DRIFLÆSINGUM Á VERÐI SEM Á SÉR ENGAN SAMANBURÐ OG NÚ 374HÖ/637NM

ISBAND

UMBODSADILI JEEP OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSSBÆR  
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep 4xe



# ERTU AÐ BYGGJA EÐA BREYTA

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF  
HARÐPARKETI & VÍNYPARKETI  
GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG GOTT VERÐ

MAMMUT PLUS 4797



UMHVERFISVOTTAD







Suðurnámur eru á rauðum lista sem þýðir að staðurinn sé í hættu.

## Fækkun gesta bætt ástandið

**NÁTTÚRA** Ástand hefur batnað á mörgum áfangastöðum innan friðlýstra svæða hér á landi síðasta árið en á milli ára 2019 og 2020 nánast tvöfaldaðist fjöldi þeirra áfangastaða sem settir voru á grænan lista. Á þeim lista eru þeir áfangastaðir sem standast vel álag gesta og fá yfir átta í einkunn, að mati starfsfólks Umhverfisstofnunar (UST), Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Þetta kemur fram á vef UST.

Áfangastöðum á grænum lista fjölgaði úr 34 í 60 milli ára og eru þeir nú 41 prósent metinna áfangastaða. Skýringin á breytingunni er sögð aukin uppbygging innviða, aukin landvarsla og fækkun gesta.

Tveir áfangastaðir innan friðlýstra svæða eru á rauðum lista og teljast í hættu, það eru Stútur og Suðurnámur innan Friðlands að Fjallabaki og Námuvogur innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Þessir staðir eiga það sameiginlegt að hafa verið metnir í fyrsta sinn á síðasta ári. – bðj

## Kyrrsetningin nær ekki til Ícelandair

**ICELANDAIR** „Þetta nær ekki til þeirra véla sem Ícelandair er með í rekstri. Þannig að þetta hefur ekki áhrif á starfsemi Ícelandair,“ segir Ásdís Ýr Pétursdóttir upplýsinga- og fulltrúi Ícelandair, aðspurð hvort að Boeing 737 Max-vélar sem eru í eigu félagsins væru meðal þeirra véla sem voru kyrrsettar í gær. Galli sem kom upp í rafmagnskerfi í 737-Max vél varð til þess að Boeing kyrrsetti vélar hjá sextán flugfélögum.

Allar 737-Max vélar heimsins voru kyrrsettar í tuttugu mánuði vegna öryggisgalla sem olli tveimur flugslysum sem kostaði 346 manns lífið. Notkun vélarinnar er enn bönnuð í Kína en Ícelandair er eitt af fjölmörgum flugfélögum sem eru byrjuð að nota vélarina á ný. Félagið notast í dag við tvær 737-Max vélar í daglegum rekstri en von er á þriðju vélinni innan skamms. – kpt



Á heimasíðu Reykjavíkurborgar er hægt að óska eftir aðstoð við hreinsun á veggjakroti en það er af nægu að taka í Grafarvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIMIR SNÆR

# Veggjakrotið í Grafarvogi svo mikið að minnir á miðborgina

Veggjakrot er aftur orðið áberandi í Grafarvogi og er sums staðar farið að minna á ástandið í miðbænum. Íbúaráð Grafarvogs vill fá borgina að borðinu til að skera upp herör gegn óþrifnaðinum. „Ekkert annað en skemmdarverk,“ segir Árni Guðmundsson, fulltrúi íbúasamtaka í íbúaráði Grafarvogs.

**SAMFÉLAG** „Við erum stundum að ræða það að Grafaravogurinn sé farinn að minna á miðborgina í veggjakroti þar sem ástandið er auðvitað svakalegt,“ segir Árni Guðmundsson, fulltrúi íbúasamtaka í íbúaráði Grafarvogs, en ráðið ræddi um veggjakrot á fundi sínum á miðvikudag. Var varaformanni ráðsins falið að skrifa umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar bréf þar sem borgaryfirvöld eru hvött til að bregðast við vandamálinu.

Árni segir að ástandið hafi farið versnandi undanfarin ár og vill fá borgina að borðinu sem og önnur íbúaráð enda sé veggjakrot yfirleitt allt annað en fallett. „Við viljum virkja almenning í að tilkynna þegar hann sér svona athæfi og skorur á borgaryfirvöld að bregðast við helst samdægurs. Helst þyrftum við að ná í skottið á þeim sem eru að gera þetta þannig að viðkomandi geti fengið fræðslu og betrun.

Þetta eru auðvitað ekkert annað en skemmdarverk, þetta er ekki skemmtun eða list. Þetta eru alvarleg skemmdarverk á eignum borgarinnar og einkaaðila.“



Veggjakrotararnir ganga yfirleitt undir dulnefnum í listsköpun sinni.



Eins og sjá má hér eru öll tækifæri nýtt til veggjakrots, óháð hústegund.

Borgin skar upp herör gegn veggjakroti í upphafi aldarinnar með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur borgarstjóra í broddi fylkingar og lét 25 milljónir í þrif á veggjakroti í fyrri. Árna finnst það þó duga skammt og vill fá borgina með sér í lið. „Staðan er þannig hér að Grafarvogsbrúin er orðin útkrotuð. Í kringum skíðalyftuna er ástandið svakalegt. Það er skúr við Strandveg, sem er aðstaða fyrir matjurta-garða, sem er itrekað skemmdur og krotuður.“

Í afbrotatölfræði lögreglunnar má sjá að í júlí á síðasta ári fjölgaði tilkynningum um veggjakrot mikið en ekki höfðu borist jafn margar tilkynningar um veggjakrot síðan í ágúst 2018. Árni segir að næstu skref séu að setja sig í samband við borgina og fleiri íbúaráð til að snúa vörn í sókn gegn þessum vágæsti veggjanna. „Borgaryfirvöld virðast ekki lengur líta á þetta sem skemmdarverk og það er það sem við viljum breyta. Þetta er í fleiri hverfum en við erum að einblína á okkar hverfi núna. Byrjum þar og fáum vonandi fleiri að borðinu,“ segir Árni.

benediktboas@frettabladid.is

# Eldhús- innréttingar

Parki  
INTERIORS

Vandaðar og stílhreinar innréttingar frá franska fyrirtækinu SCHMIDT.  
**5 ára ábyrgð.** Innréttingarnar koma fullsamsettar til landsins

Komdu við í sýningarsal okkar að **Dalvegi** og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf



Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi • 595 0570




Finndu okkur á **Facebook!**  
facebook.com/Parki.interiors



# Appotek.is

*Í netapótekinu appotek.is getur þú pantað lyf, fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur og fleira  
Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu og frí póstsending út á land\**




Netapótekið er á vefslóðinni [www.appotek.is](http://www.appotek.is)  
Hægt er að fara í netapótekið með tölvum og farsímum

Í Appótekinu ([appotek.is](http://appotek.is)) getur þú:

- Séð hvaða lyfseðla þú átt í gáttinni
- Látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið
- Fengið lyfin send til þín hvert á land sem er

Í Appótekinu getur þú einnig:

- Séð og pantað lyf sem fást án lyfseðils
- Pantað fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur ofl.



Foreldrar barna 15 ára og yngri með sama lögheimili geta séð hvaða lyfseðla börnin eiga í gáttinni, látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið eða fengið lyfin þeirra send heim

Appótekið ([appotek.is](http://appotek.is)) er netapótek Garðs Apóteks

\*Sjá nánari skilmála á [appotek.is](http://appotek.is)



GARÐS APÓTEK · Sogavegi 108 · Sími 5680990 · Netfang: [gardsapotek@gardsapotek.is](mailto:gardsapotek@gardsapotek.is)  
Vefsíða: [gardsapotek.is](http://gardsapotek.is) · Netapótek: [appotek.is](http://appotek.is) · Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar





BRJÁLÆDISLEGA GÓÐUR

## BRUNCH

LAUGARDAGA & SUNNUDAGA

11.30-14.30



NÝR OG SPENNANDI SEDILL!

Nánar á [fjallkona.is](http://fjallkona.is)

FJALLKONAN FAGNAR PÉR!

# Jóhann kann að verða eltur á enda veraldar

Tónlistarmaðurinn Jóhann Helgason segir lögmenn tónlistarfyrirtækjanna í lagastuldarmálinu um Söknuð hafa krafist þess að hann myndi aldrei frammar tjá sig um málið og að það yrði aldrei tekið upp síðar fyrir öðrum dómstóli.

**DÓMSMÁL** Michael Machat, lögmaður Jóhanns Helgasonar, hefur nú lagt fram greinargerð í áfrýjunarmáli Jóhanns í lagastuldarmálinu vegna Söknuðar.

Eins og kunnugt er telur Jóhann að lagið You Raise Me Up, sem varð heimsfrægt í flutningi Josh Groban, sé eftiröpun á laginu Söknuði sem Jóhann samdi við texta söngvarans Vilhjálms Vilhjálmssonar.

Máli sem Jóhann höfðaði fyrir dómstóli í Los Angeles var vísað frá í fyrri án efnislegrar niðurstöðu þar sem dómariinn taldi of mikla ágalla á greinargerð tónlistarfræðings sem vann fyrir Jóhann að málinu. Þeirri niðurstöðu vísaði Jóhann til áfrýjunardómstóls þar ytra.


Sú leið sem áfrýjunardómstóllinn valdi fyrir meðferð máls Jóhann var sú síðri af tveimur mögulegum frá hans sjónarmiði. Hún felur í sér að málið er ekki rekið efnislega fyrir dómstólnum heldur þarf lögmaður Jóhanns að sýna fram á að dómari á fyrri dómstiginu hafi farið út fyrir heimildir sínar og þannig í raun brotið á rétti Jóhanns til að bera málið undir kviðdóm sem gæti metið líkindi laganna tveggja.

Andstæðingar Jóhanns í málinu, sem eru meðal annarra tónlistar-risarnir Warner og Universal, höfðu krafist þess að hann greiddi þeim 323 þúsund Bandaríkjadali, jafnvirði ríflega 41 milljónar króna á gengi dagsins, í málskostnað eftir að málinu var vísað frá en dómari hafnaði þeirri kröfu. Þeirri niðurstöðu var sömuleiðis vísað til áfrýjunardómstólsins og er það mál nú rekið aðskilið en þó samhliða áfrýjun Jóhanns.

„Áfrýjunardómstóll ákveður hvort mál sé tekið til málamíðlunar og það gerðist í Söknuðarmálinu. Þetta hefur tekið marga mánuði,“ segir Jóhann. Ástæða þess að sérstakur málamíðlari var fenginn til að reyna að setta aðila var sú að metið var sem svo að hvorugum þeirra yrði ágengt með áfrýjun sína.

„Lögmenn, fyrir hönd Universal Music, Warner og Peermusic, fóru fram á og héldu sig við algjörlega óásættanlegar kröfur sem grunn að samkomulagi. Slíkt samkomulag kom því aldrei til greina,“ lýsir Jóhann atburðarásinni sem farið hefur fram bak við tjöldin frá því í fyrri.

„Ein krafan fólst meðal annars í því að ég kæmi aldrei til með að tjá mig framur um málið og að aldrei frammar yrði hægt að taka málið upp aftur nokkurs staðar í heiminum,“ lýsir Jóhann áfram. Þessum umleitunum áfrýjunardómstólsins hafi ekki lokið fyrr en nú í mars. Málið sé því komið í hefðbundið áfrýjunarferli.



Jóhann segir dómara sem vísaði málinu frá eins og veðurfræðing sem horfi í gegn um rör. Ekki var tekið tillit til framlagðra gagna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Enska útgáfan af Söknuði virðist fara mjög í taugarnar á Universal og jafnvel gæti farið svo að þeir reyndu að gera eitthvert mál úr því.**

Jóhann Helgason tónlistarmaður

Lögmaður Jóhanns skilaði inn greinargerð á miðvikudag varðandi frávisunarmálið og hafa lögmenn mótaðila hans frest til 7. maí til að koma með andsvör og sín sjónarmið í málinu.

„Það er ljóst að mati lögmans míns að dómari hafi farið út fyrir heimildir sínar við ákvörðunartöku um samþykki frávisunarkröfunnar og að dómariinn hafi ekki tekið tillit til framlagðra gagna og málsástæðna í málinu, ekki ósvipað því að veðurfræðingur liti til veðurs gegnum rör,“ segir Jóhann um meginsteifið í greinargerð lögmans hans.

Kostnaðurinn heldur áfram að hlaðast upp í málinu. Auk þeirra útgjalda sem Jóhann hefur og mun þurfa að standa straum af vofir enn yfir fyrrnefnd 323 þúsund dollara málskostnaðarkrafa frá tónlistar-risunum. Búast má við að sú krafa hafi nú hlaðið utan á sig.

„Það er ekki óvarlegt að ætla að málskostnaðarkrafa Universal Music og félag, sem dómari hafnaði í fyrri, sé farin að nálgast 600 þúsund dollara,“ segir Jóhann. Löngu sé ljóst að mótaðilar hans svífist einskis til að knésetja hann.

„Það hefur verið látið í veðri vaka að þeir komi til með að elta mig á enda veraldar vegna málskostnaðarins hafi þeir betur,“ segir Jóhann.

Einn affjöldmörgum öngum málsins er ensk útgáfa sem Jóhann gerði af Söknuði og sett var á vefinn, ekki sist til að varpa ljósi á líkindi Söknuðar og You Raise Me Up. Heitir lagið In To The Light í ensku útgáfunni.

„Enska útgáfan af Söknuði virðist fara mjög í taugarnar á Universal og jafnvel gæti farið svo að þeir reyndu að gera eitthvert mál úr því,“ segir Jóhann. Á hann þar við að tónlistar-fyrirtækin hafi gefið í skyn að þau kynnu hugsanlega að stefna Jóhanni fyrir In To The Light þar sem lagið sé of líkt You Raise Me Up – jafnvel þótt lagið sé í raun lagið Söknuður sem lögmenn þeirra hafa haldið fram fyrir dómi að sé ekki líkt You Raise Me Up.

Reiknað er með að áfrýjunardómstóllinn geti komist að niðurstöðu í málinu seint á þessu ári. [gar@frettabladid.is](mailto:gar@frettabladid.is)

## Gleymd börn að missa af íþróttatímum

**SAMFÉLAG** „Hefur það því miður allt of oft gerst að rútan gleymir börnunum, þau þurft að bíða úti í lengri tíma og mörg misst af íþróttatímum og tómstundaæfingum af þessum sökum,“ segir í bréfi stjórnar foreldrafélags Helgafellsskóla til Mosfellsbæjar þar sem lýst er yfir áhyggjum af því að áætlað íþróttahús við skólann sé ekki á fjárhagsáætlun næstu ára.

Foreldrafélagið telur að það skapist meira öryggi fyrir börnin ef rútuferðum fækki enda geti þær verið íþyngjandi. Þá þyki það skjóta

skökku við að verið sé að aka börnunum fram og til baka þegar staða loftslagsmála sé eins og hún sé.

Frá upphafi skólans hafa börn í 1. til 4. bekk verið í útikennslu í íþróttum sem félagið hrósar sem frábærri skammtímalausn. „En að þessir krakkar fái ekki að njóta aðgengis að íþróttahúsi næstu ár finnst okkur alveg fráleitt.“

Börn í 5. til 10. bekk eru sögð gjalda hressilega fyrir það með því að vera talsvert lengur í skólanum.

„Við höfum verið þolinmód og sýnt þessu skilning, en að þetta verði

fyrirkomulagið til lengri tíma finnst okkur ekki boðlegt. Það er lýðheilsu-mál að börnin okkar fái að setjast niður og borða í ró og næði,“ segir í bréfinu en eini lausi tíminn fyrir börnin er í hádeginu. „Þetta hefur áhrif á þessa krakka þar sem mörg þeirra ná varla að borða hádegismat eða þurfa að henda honum í sig á handahlaupum til þess að ná í íþróttatímum sinn.“

Er því skorað á bæjaryfirvöld að endurskoða þá ákvörðun að slá eigi á frest að hefja framkvæmdir að íþróttahúsi við Helgafellsskóla. – **bb**



# Einfalt að skipta. Erfitt að snúa aftur.

Prófaðu Kia e-Niro 100% hreinan rafbíl með 455 km drægi.



Movement that inspires

Kia e-Niro er kraftmikill og einstaklega rúmgóður borgarjeppingur með allt að 455 km akstursdrægi og 80% hleðslu á 42 mínútum. Rúmgott 451 l farangursrými hentar vel á ferðalögum. Einnig fylgir Niro hin einstaka 7 ára verksmiðjuábyrgð Kia.


Komdu í heimsókn og láttu sjá þig með Niro. Opið í dag frá 12-16.

Kia e Niro 39 kWh verð frá:

**4.990.777 kr.**

Afborgun á mánuði 31.372 kr.\*\*

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

 Fylgdu okkur á Facebook.  
facebook.com/kiamotorsisland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir heimila.  
Nánar á hleðslulausnir.askja.is



\*\*m.v. 50% rimborgun og lán til 96 mána. Vaxir 4,00%. Hleðslubíla líns er 2.575.646 kr. Aftig hlutabíla kosningar er 5.05%.  
\*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuerfittir sem kaupandi þor kostnað af. Lesið meira um ábyrgðina á [www.kia.com/abyrgd](http://www.kia.com/abyrgd).



# Drottningarmaður í nærri sjötíu ár

Breska krúnan tilkynnti í gær að Filippus prins væri látinn en hann var eiginmaður Elisabetar drottningar rúmlega sjötíu ár. Filippus flúði Grikkland sem barn, barðist með breska sjóhernum og kynntist fuglalífínu á Álftanesi í stuttri Íslandsheimsókn árið 1964.

**BRETLAND** Filippus prins, eiginmaður Elisabetar drottningar, lést í gær 99 ára að aldri í Windsor-kastala. Þetta kom fram í tilkynningu frá krúnunni. Banamein hans var ekki gefið upp en Filippus hafði nýlega lokið hjartaaðgerð á spítala heilags Bartólómeusar í Lundúnum.

Drottningin hefur nú átta daga sorgartíma og sinnir ekki opinberum skyldum á meðan og takmörkuðum skyldum næsta mánuðinn.

Filippus var af grískum og dönskum konungsættum, fæddur árið 1921 á eyjunni Korfú. Gríska krúnan var lögð niður eftir stríð og róstur urðu í landinu ári seinna. Ólst prinsinn upp í útlegð á Ítalíu, Frakklandi, Þýskalandi og Bretlandi. Átján ára gekk hann í skóla sjóhersins og ári síðar sigldi hann með beitiskípum í seinni heimsstyrjöld. Barðist hann bæði á Indlandshafi og í Miðjarðarhafi, þar á meðal við strendur síns heimalands, Grikklands, og var verðlaunaður fyrir.

Elisabet og Filippus kynntust fyrir stríðið, þegar hún var aðeins 13 ára gömul, og urðu ástfangin. Það var þó ekki fyrr en eftir stríðið, árið 1946, að Filippus bað Georg VI. konung um hönd hennar. Ári síðar giftust þau og afsalaði Filippus sér öllum grískum og dönskum titlum fyrir breska. Við giftinguna fékk hann meðal annars titilinn hertogi



Filippus barðist í seinni heimsstyrjöldinni með breska sjóhernum og var verðlaunaður fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

af Edinborg, sem hann var þekktur af allar götur síðan. Árið 1952 lést Georg konungur og Filippus varð drottningarmaður, staða sem hann átti eftir að gegna í 69 ár, lengst allra.

Árið 1948 eignuðust Filippus og Elisabet soninn Karl, fyrsta barnið af fjórum. En hin eru Anna, Andrés og Játvarður. Barnabörnin eru 8 og barnabarnabörnin 10 talsins.

**Ljósmyndararnir hljóta að fara að verða búnir með filmurnar, þeir eru búnir að taka þau ósköp af myndum.**

Filippus á Álftanesi árið 1964

Filippus þrýsti á Karl son sinn að giftast Díönu prinsessu en hjónabandið var óhamingjusamt og endaði með skilnaði.

Elisabet er einn víðförlasti þjóðhöfðingi sögunnar en Filippus fór í ófær opinberar heimsóknir einnig. Meðal annars kom hann til Íslands árið 1964, heimsókn sem Guðni Th. Jóhannesson forseti rifjaði upp

í samúdarkveðju sinni til drottningar. Filippus heimsótti þá Ásgeir Ásgeirsson forseta á Bessastaði og gengu þeir um Álftanesið til þess að skoða fugla.

„Ljósmyndararnir hljóta að fara að verða búnir með filmurnar, þeir eru búnir að taka þau ósköp af myndum,“ sagði Filippus, þegar þjóðhöfðingjarnir spígsporuðu um og virtu máva og tjalda fyrir sér. Ahuginn á heimsókninni var gríðarlegur og þúsundir þustu niður á Austurvöll til að berja prinsinn augum þegar hann heilsaði upp á ráðherra og þingmenn.

Filippus kom aftur til Íslands árið 1990 í opinberri heimsókn Elisabetar. Komu þau á snekkjunni Britanníu og skoðuðu hesta í Mosfellssveit, Nesjavallavirkjun og Þingvelli. Líkt og í fyrra skiptið var mikill mannföldi saman kominn í miðborginni og flaggaði breska fánanum. 21 fallbyssuskoti var hleypt af við Reykjavíkurbíó til heiðurs konungshjónunum.

Prinsinn þótti oft hranalegur og fámáll um sitt persónulega líf. En hann tók hlutverk sitt alvarlega, sinnti göðgerðarmálum af miklum myndarbrag og stóð ávallt þétt að baki Elisabetar. Filippus skilur eftir sig skara kostulegra tilsvara og móðgana sem nánar er gert grein fyrir á blaðsíðu 74. [kristinnhaukur@frettabladid.is](mailto:kristinnhaukur@frettabladid.is)

## Borgarlína

Kynning á frumdrögum og vinnslutillögu að breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkur



Opinn streymisfundur verður haldinn miðvikudaginn **14. apríl kl. 17:00 – 18:30**. Á fundinum verða kynnt áform um fyrstu lotu Borgarlínu innan Reykjavíkur, frá Ártúnshöfða að Fossvogsbrú og fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi.

Frummælendur á fundinum verða:

- **Dagur B. Eggertsson** borgarstjóri
- **Sigurborg Ósk Haraldsdóttir** formaður skipulags- og samgönguráðs
- **Hrafnkell Proppé** forstöðumaður Borgarlínuverkefnis
- **Stefán Gunnar Thors** ráðgjafi frá VSÓ-ráðgjöf

Dagskrá fundarins verður kynnt nánar á vef borgarinnar. Fundinum verður treymt á síðunni [reykjavik.is/borgarlina](http://reykjavik.is/borgarlina) og facebooksíðu Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg samþykkti nýverið að kynna drög að breytingu á aðalskipulagi vegna Borgarlínu í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í tillögunni er m.a. fjallað um legu Borgarlínu, hugmyndir að staðsetningu lykilorðstöðva, hönnunarviðmið fyrir göturými og forgang almenningssamgangna og virkra ferðamáta.

Drög að aðalskipulagsbreytingu, ásamt umhverfisskýrslu, eru aðgengileg á [adalskipulag.is](http://adalskipulag.is) og jafnframt á samráðsgáttinni, [island.is](http://island.is). Í Frumdrögum Borgarlínu er hægt að finna ítarlegri upplýsingar, m.a. um forsögu ákvarðana, framkvæmdakostnað, hönnunarforsendur, legu, valkosti, umferðarspá og umhverfisáhrif. Frumdrögin eru aðgengileg á vef Borgarlínunnar.

[www.borgarlinan.is](http://www.borgarlinan.is)

Ábendingar og athugasemdir við drögin skal senda á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is) eða á [samradsgattina](http://samradsgattina.is).



Erna Solberg á blaðamannafundi í Viðey árið 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Forsætisráðherra Noregs sektuð fyrir afmælisveislur

**NOREGUR** Forsætisráðherra Noregs, Erna Solberg, var dæmd til að greiða sekt upp á tuttugu þúsund norskar krónur fyrir að hafa brotið sóttvarnareglur landsins. Solberg víðurkennið að hafa brotið sóttvarnareglur þegar hún hélt upp á sextugsafmæli sitt fyrr á þessu ári.

Lögreglan í Noregi hafði orð á því

að það væri ekki venja að sekta fyrir brot líkt og þessi en auknar kröfur væru gerðar til forsætisráðherrans í málefnum eins og þessum.

Óvíst er hvort að þetta hafi áhrif á þingkosningar í Noregi sem fara fram síðar á þessu ári. Solberg hefur gegnt starfi forsætisráðherra frá 2013. – **kpt**

## Uppboð stöðvað vegna óvissu um uppruna verks

**SPÁNN** Spænska ríkisstjórnin stöðvaði á fimmtudag uppboð á málverki sem grunur leikur á að sé eftir hinn mikla listmálara Caravaggio. Jose Manuel Rodríguez Uribes menningarmálaráðherra tilkynnti þetta á samfélagsmiðlum.

Málverkið sýnir Jesús Krist krýndan þyrnikórónu rétt fyrir krossfestinguna og á uppboðinu er málverkið eignað Jose de Ribera, sem var uppi á 16. og 17. öld líkt og Caravaggio. Opnunarbóðið í málverkið hjá stofunni Ansorena í Madrid var aðeins 1.500 evrur, eða um 230 þúsund krónur.

„Nokkrir sérfræðingar eru nú að

rannsaka verkið og reyna að komast að því hver málaði það,“ segir í tilkynningu frá uppboðsstofunni. „Það er búið að banna okkur að selja verkið út fyrir landsteinana.“

Ólíkt Ribera var Caravaggio ítalskur málarí og einn af þeim fremstu á sínum tíma. Hann var þekktur fyrir realískar og oft trúarlegar myndir sem oft sýndu ofbeldi og grimmd. Ekki er vitað hvar öll hans málverk eru niðurkomin og einhver kunna að vera glötuð. Árið 2014 fannst týnt meistaraverk eftir Caravaggio undir gamalli dýnu á háalofti í Toulouse. Það verk er metið á 26 milljarða króna. – **khg**





# ÚRVAL & ÖRYGGI



ŠKODA

Eigum úrval af sparneytnum, öruggum og góðum bílum í fjölmörgum stærðum og gerðum



Dráttargeta 2,5 tonn!

**Kamiq** Verð frá **3.990.000 kr.**

Þar sem hrífandi hönnun innra og ytra byrðis rennur saman í eina heild.

**Karoq** Verð frá **5.590.000 kr.**

Farðu leiðar þinnar um borgarfrumskóginn með bros á vör og á nettum smájeppa.

**Kodiaq** Verð frá **7.290.000 kr.**

Fjór hjóladrífinn, fæst sjö manna og sker sig úr hvert sem hann fer með kraftmiklu yfirbragði.



RAFMAGNAÐUR   
**ENYAQ iV**

Rafmagnsbíll með drægni frá **412 til 536 km** skv. WLTP.

Verð frá **5.790.000 kr.**

Sýningarbíll á staðnum og forsala í fullum gangi. Tryggðu þér eintak!



**Octavia** Verð frá **5.190.000 kr.**

Ný og rúmgóð Octavia uppfyllir allar þarfir fjölskyldunnar.



 Tengiltvinnbíl (Plug-in Hybrid)

**Superb iV** Verð frá **5.490.000 kr.**

Kraftmikill í akstri og umhverfisvænn, með allt að 60 km drægni skv. WLTP.

Veldu upphaldsbílinn og taktu hann frá á [www.hekla.is/skodasalur](http://www.hekla.is/skodasalur)

Fylgdu okkur!



[www.skoda.is](http://www.skoda.is)



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílajakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



## Traust



Jón Þórisson  
jon@frettabladid.is

Ekki er ofsögum sagt að undanfarið rúmt ár hafi reynst flestum þjóðum raun. Ofan á dagleg viðfangsefni hafa stjórnvöld um heiminn glímt við ógn heimsfaraldurs með ófyrirséðum afleiðingum.

Við hér uppi á Íslandi höfum ekki farið varhluta af þessu. Ofan á náttúruvá af völdum skriðu-falla, veðurofsa, jarðhræringa og síðast eldsumbrota, hefur faraldurinn sett líf allra úr skorðum.

Reynt hefur á þolgæði þeirra sem ábyrgð bera á sóttvörnum, ekki síður en þeirra sem þeim þurfa að hlíta. Ekki leynir sér að þreyta er komin í mannskapinn.

Það er þó ánægjulegt að fréttir eru teknar að berast af því að farið sé að birta til. Í vikunni voru þúsundir bólusettar og það heldur áfram og hægt og bitandi nálgast markmiðið um hjarðónæmi.

Í Fréttablaðinu í vikunni var sagt frá því að von væri á 150 þúsund bólusettingum farþegum með skemmtiferðaskipum til landsins í sumar, auk þeirra sem ráðgert er að fljúga með hingað og sigla umhverfis landið.

Þá var einnig sagt frá því í sama blaði að eldgosíð á Reykjanesskaganum hafi orðið til þess að áhugi erlendra ferðamanna hafi aukist á landinu. „Við vonum að gosíð í Geldingadölum hafi svipuð áhrif þegar við komum út úr heimsfaraldrinum og gosíð í Eyjafjallajökli árið 2010,“ segir Dagný Björg Stefánsdóttir, forstjóri ferðaskrifstofunnar Hidden Iceland, í samtali við blaðið. Hvort tveggja veit á gott, þó ýmislegt þurfi til að koma svo þetta gangi eftir.

Í baráttunni gegn faraldrinum hafa stjórnvöld lagt áherslu á að ekki náist fullnægjandi árangur nema allir standi saman sem einn maður. Það hefur í langflestu tilliti tekist. Ekki verður þó vikist undan því að nefna framgöngu heilbrigðisráðherra við reglugerðarsetningu varðandi skyldusóttkví á hóteli. Nú liggur fyrir fullnaðarniðurstaða um að þær reglur áttu sér ekki nægjanlega stöð í sóttvarnalögum svo sem áður hefur verið á bent á þessum vettvangi.

Stjórnsýslan býr við þann munað að geta dregið að alla þá þekkingu og reynslu sem hugsast getur þegar samin eru fyrirmæli sem lagt er fyrir fólk að fylgja. Það er því óskiljanlegt hvers vegna ekki tókst betur til. Það er enginn undanþeginn því að gera mistök. Þau eru misalvarleg og hafa misjafnar afleiðingar. Burtséð frá hversu mikilvægt það er að geta beitt alla skyldusóttkví á hóteli, þótt þeir hefðu aðstæður til að verja sóttkvinni heima hjá sér, þá varð að gera þá kröfu til höfundar reglugerðarinnar að þeir fengju víðeigandi ráðgjöf við skrifin. Sú virðist ekki raunin.

Afleiðing þessa er að mistök grafa undan samstöðunni, þau grafa undan tiltrú fólks sem leggur mikið á sig til að fara að sóttvarnafyrirmælum. Sóttvarnalæknir setur ekki reglugerðir, hann byggir tilögur sínar til ráðherrans á sínu læknisfræðilega mati. Reglugerðin er verkefni heilbrigðisráðherrans.

Með þessu ráðslagi hefur heilbrigðisráðherrann veikt nauðsynlegt traust fólks til sín á viðkvæmum tímupunkti í baráttunni. Við því megum við síst.

Við því þarf hann að bregðast.



Stjórnsýslan býr við þann munað að geta dregið að alla þá þekkingu og reynslu sem hugsast getur þegar samin eru fyrirmæli sem lagt er fyrir fólk að fylgja.

## Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Tígrisdýrið í eldhúsinu

Eitt frægasta eldhús breskra bókmennta komst í fréttirnar nýverið. Barnabókin „The Tiger Who Came to Tea“ (Tígrisdýrið sem kíkta í te) kom út árið 1968 og er enn, rúmri hálfri öld síðar, ein vinsælasta bók landsins. Sagan segir frá ungri stúlku, Sophie, sem situr í eldhúsinu með mömmu sinni og drekkur te og borðar köku þegar tígrisdýr mætir óboðið til veislunnar. Boðflennan reynist ruddi sem lætur greipar sópa og étur allan mat sem hann finnur í ísskápnunum, drekkur „allan bjórinn hans pabba“ og klárar meira að segja vatnið úr krananum.

Eldhúsið sem tígrisdýrið sóðar út er byggt á eldhúsi höfundar bókunnar, Judith Kerr, sem einnig myndskreytti. Judith og eiginmaður hennar keyptu sér hús árið 1962 í Barnes Common í London fyrir 7.500 pund. Þegar Judith lést fyrir tveimur árum, þá níutíu og fimm ára að aldri, og húsið var selt fyrir 3,25 milljónir punda sagði vinur nýja eigandans sem hugðist gera húsið upp að „ef hann henti eldhúsinu færi hann beina leið til helvítis“. En hvað var annað hægt að gera við þetta gamla eldhús?

Á sama tíma og nýr eigandi húss Judith Kerr lagði drög að því að skipta út því gamla fyrir nýtt lögðu bresk ráðuneyti drög að löggjöf sem hvetja á til þess að hlutir séu lagaðir frekar en að þeim sé hent á haugana. Til stendur að „rétturinn til að gera við“ verði festur í lög og framleiðendur raftækja á borð við sjónvörp, ísskapa og eldaveilar verði skyldaðir til að skaffa neytendum varahluti í sjó til tíu ár eftir að varningur er keyptur og að öll tæki verði hönnuð þannig að auðvelt sé að taka þau í sundur og laga þau ef þau bila.

Ef endingartími snjallsíma, fartölva, þvottavéla og ryksuga í Evrópu lengdist um eitt ár minnkaði árleg kolefnislosun jafnmikið og ef bifreiðum í álfunni fækkaði um tvær milljónir, samkvæmt rannsókn frá árinu 2019. Framleiðsla, dreifing, sala og förgun snjallsíma í Evrópu veldur stærra kolefnisspori en öll losun Lettlands.

Grunur hefur lengi leikið á um að framleiðendur hanni vörur sínar viljandi þannig að líftími þeirra sé stuttur. Fyrir ári sektuðu frönsk yfirvöld bandaríska tölvu- og símaframleiðandann Apple um 25 milljónir evra fyrir að hægja visvitandi á eldri útgáfum snjallsíma sinna án þess að gera viðskiptavinum það ljóst.

## Löggjöf við dómgreindarleysi

Judith Kerr ólst upp í Þýskalandi. Faðir hennar var þekktur andstæðingur nasistaflokksins. Í mars 1933, þegar Judith var níu ára, barst fjölskyldunni til eyrna orðrómur um að kæmust nasistar til valda í komandi kosningum hyggðust þeir gera vegabréf fjölskyldunnar upptæk. Að morgni kosninganna flúði fjölskyldan Þýskaland. Næsta dag komu nasistar að tónum kofanum er þeir hugðust handtaka þau.

Judith Kerr og fjölskylda hennar settust að í Bretlandi. Því hefur gjarnan verið haldið fram að tígrisdýrið sem kíkta í te tákni nasistana, ógn sem vofði yfir Judith þegar hún var barn og hefði getað svipt fjölskylduna á augabragði öllu því sem þau áttu.

Eldhús Judith Kerr, sem entist alla hennar búskapartíð, hefur nú verið flutt á safn um barnamenningu þar sem það verður varðveitt. Judith mislíkaði „óparfa brúðl“ sagði sonur hennar af því tilefni og „ef hlutirnir virkuðu hélt hún þeim“. Sjálf sagði hún um eldhúsið í vætali „að það hefði verið smíðað þegar hlutum var ætlað að endast“.

Judith þvertók alltaf fyrir að tígrisdýrið í eldhúsinu táknaði eitthvað annað en tígrisdýr. Það er þó freistandi að sjá í tigrinum ógn, ekki nasista heldur mannkynið allt, gest sem gengur um af græðgi og subbuskap, durt sem er búinn að svolgra í sig „allan bjórinn hans pabba“.

Því hvernig öðruvísi getum við útskýrt slíkt dómgreindarleysi að það þurfi löggjöf til að tryggja að hlutirnir endist?

“Ég elska hljóðið þegar fólk tyggur hrökkbrauð”





Einhverfa er alls konar  
Kauptu næluna á blarapríl.is





H VERSLUN.IS



20-50% AFSLÁTTUR

AFMÆLIS  
HELGI

9-11. apríl







### NYBORG

Borðstofustóll. Olíuborin eik og svart PU leður í mjúku sæti.

**34.392 kr. -42.990 kr.**



### NYBORG

Borðstofustóll. Svart beyki og svart PU leður í mjúku sæti.

**39.992 kr. -49.990 kr.**

### FOCUS

Sérlega skemmtileg lína af skápum, skenkum og borðum. Fáanleg í lakkaðri eik (natur) og olíuborinni grárri. Skemmtilegar retro rennihurðir sem renna eftir brautum þegar opnað er. Sterkir eikarfætur.



### FOCUS

Skenkur. Tvískiptur skápur með hillu beggja vegna og endarými. Fáanlegur bæði í lakkaðri eik og grárri og einnig sófaborð í lakkaðri eik.

Skenkur: 160 x 45 x 75 cm

**135.992 kr. -169.990 kr.**

Sófaborð: Ø 90 x 45 cm.

**87.992 kr. -109.990 kr.**



### SWAY

Borðstofustóll. Svart PU-leður eða grænt áklæði. Grind og fætur úr svörtum málm.

**28.792 kr. -35.990 kr.**



### CANNES

Hægindastóll m/skemli. Koníaksbrúnt, rautt, grátt eða svart leður.

**127.992 kr. -159.990 kr.**

**20% AFSLÁTTUR  
AF SMÁVÖRU FRÁ**



### BROSTE HASLE

Eldfast mót, stærð 23x19 cm  
5.192 kr 6.490 kr



### NORDAL KANNA

Rjómakanna, hæð 10 cm  
1.992 kr 2.490 kr



### EVA SOLO GLÖS

Smoke 38cl 3.192 kr 3.990 kr  
Glært 35cl 3.992 kr 4.990 kr



### HJARTATRÖLL

Dökkblátt 9 cm  
5.032 kr 6.290 kr



### NORDAL VENUS

Hringlaga motta Ø 140 cm  
21.592 kr 26.990 kr



### KAY BOJESEN

Fugl Ravn, hæð 25,6  
15.992 kr 19.990 kr

Reykjavík 11 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga


Akureyri 11 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstríkað verð sýnir fullt verð vöru.





# DANSKIR DAGAR



# 20%

## AFSLÁTTUR

### AF ÖLLUM DÖNSKUM VÖRUM\*



### GIRONA

Glæsilegur hornsófi með úr mjúku og fallegu Dalton áklæði. Fæst í koníaksbrúnu, dökkgráu og grágrænum tóni. Smekklega klæddur allan hringinn. Þéttur og góður svampur í sæti og bakpullur með fyllingu úr trefjakúlum og kurluðum svampi til helminga. Stöðugir svartir fætur.

Stærð: 262 x 202 x 82 cm

**191.992 kr.** ~~239.990 kr.~~



### BATU

Glæsilegt borðstofuborð frá Hammel með svörtum viðarfótum/grind og keramik borðplötu. Stærð: 220 x 95 x 75 cm.

Borð

**239.992 kr.**

~~299.990 kr.~~

Stækkanir 2 stk.

**39.992 kr.**

~~49.990 kr.~~

Stækkanir seldar sér.

Stærð: 50 x 95 cm.



### FALKEN

Glæsileg og vonduð sófalina í klassisku skandinavísku útliti. 2H3 hornsófi og 2ja og 3ja sæta sófar. Koníaksbrúnt eða svart split leður. Fætur úr olíuborinni eik. Kaldpressaður svampur og dúnmjúkar trefjar í bak, og setpullum.

2ja sæta: 144 x 80 x 84 cm

**175.992 kr.** ~~219.990 kr.~~

3ja sæta: 206 x 80 x 84 cm

**223.992 kr.** ~~279.990 kr.~~

Hornsófi – 2H3: 276 x 216 x 84 cm

**399.992 kr.** ~~499.990 kr.~~



Þú finnur bæklinginn [husgagnahollin.is](http://husgagnahollin.is)

\* Gildir ekki af sérpöntunum eða vörum frá Skovby.



HÚSGAGNA  
HÖLLIN



## Leita leiða til að hefja íþróttastarf á nýjan leik

**COVID-19** Rætt var um það í ríkisstjórn Íslands í gær hvenær unnt yrði að heimila íþróttastarf í landinu á nýjan leik en æfinga- og keppnisbann hefur verið í gildi frá 25. mars síðastliðnum.

Eins og sakir standa gildir bannið til 15. apríl næstkomandi en menntamálaráðherra vakti von í brjósti íþróttafólks um að það gæti farið að æfa og keppa á ný fyrir þann tíma í tilkynningu sem hún sendi frá sér eftir ríkisstjórnarfundinn í gær.

„Það er forgangsmál hjá stjórnvöldum að koma íþróttastarfi og æskulýðsstarfi af stað enda er um mikilvægt lýðheilsuáhrif að ræða. Það er brýn þörf á að virkja iðkendur og tryggja samféllu í æfingum íþróttafólks.“

Nú er markmiðið að íþróttastarf geti hafist samhliða sóttvarnará-

» **Bann við allri íþróttastarfi hefur staðið yfir frá 25. mars.**

stöfunum. Fram hefur komið að mikil þörf er á að fyrirsjáanleiki aukist um hvernig skipulagi verði háttað,“ segir í tilkynningu frá menntamálaráðuneytinu.

„Mikilvægt er að samræmi sé í takmörkunum í skólustarfi og íþróttastarfi og æskulýðsstarfi ásamt því að tryggja að skipulag íþróttastarfs sé sambærilegt í alþjóðlegu samhengi, eins og frekast er unnt.“

Við í mennta- og menningar- málaráðuneytinu höfum í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið og sóttvarnalækni unnið að því að undirbúa að umrædd starfsemi geti hafist við fyrsta tækifæri,“ segir enn fremur í tilkynningunni. – hó

## UEFA gefur tíu daga frest

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, hefur krafist þess að yfirvöld í Bilbao, Dublin, München og Róm skili inn gögnum fyrir 19. apríl þar sem útlistað verður hvort borgirnar geti tekið við áhorfendum á EM í sumar.

Ekki hefur tekist að sýna fram á að hægt sé að taka við áhorfendum í þessum fjórum borgum á öruggan hátt í aðdraganda mótsins. Aðrir

mótsstaðir eru búnar að skila inn áætlunum þess efnis til UEFA.

„Síðustu fjórar borgirnar hafa til 19. apríl að koma með áætlanir sínar fyrir áhorfendur. Þegar upplýsingarnar liggja fyrir verður ákvörðun tekin um hvort hægt verður að halda leiki í þessum borgum,“ segir í yfirlýsingu á vefsíðu UEFA. Áætlað er að mótið hefjist 11. júní og standi yfir í einn mánuð. – kpt



## Jafnréttissjóður Íslands

Umsóknarfrestur til 29. apríl kl. 15.00

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Jafnréttissjóð Íslands

Tilgangur Jafnréttissjóðs Íslands er að fjármagna eða styrkja verkefni og rannsóknir sem miða að því að stuðla að jafnrétti kynjanna í íslensku samfélagi og á alþjóðavísu.

Tilgreint er í fjármálaáætlun hvaða ár úthlutun eigi að fara fram á hverju fimm ára tímabili en gert er ráð fyrir úthlutun á tveggja ára fresti.

Jafnréttissjóður Íslands nýtur framlaga af fjárlögum. Árið 2021 hefur sjóðurinn 30 m.kr. til ráðstöfunar.

Úthlutað verður næst úr sjóðnum 18. júní 2021.

**Umsóknarfrestur rennur út 29. apríl 2021 kl. 15.00.**

Umsóknum skal skila á rafrænu formi í gegnum umsóknarkerfi Rannís (mínar síður). Ekki er tekið við umsóknum á öðru formi.


Nánari upplýsingar er að finna á [www.rannis.is](http://www.rannis.is)



JAFNRÉTTISSJÓÐUR  
ÍSLANDS



rannís  
[www.rannis.is](http://www.rannis.is)



Karólína Lea Vilhjálmssdóttir, leikmaður Bayern München, er í stóru hlutverki hjá íslenska liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Frumraun Þorsteins verður á Ítalíu í dag

Ísland leikur fyrsta leik sinn síðan liðið tryggði sér þátttökurétt í lokakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu kvenna í lok nóvember þegar liðið etur kappi við Ítalíu í dag. Íslenska liðið verður án tveggja lykilleikmanna í þessum leik.

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu mun í dag leika sinn fyrsta leik undir stjórn Þorsteins H. Halldórssonar þegar liðið mætir Ítalíu í vináttulandsleik ytra. Liðin mætast svo á nýjan leik á þriðjudaginn.

Ísland leikur án tveggja lykilleikmanna í þessum tveimur leikjum en fyrirliði liðsins, Sara Björk Gunnarsdóttir, verður ekki með vegna meiðsla í hásin. Þá greindist Dagný Brynjarsdóttir með COVID á dögnum og ferðaðist þar af leiðandi ekki til Ítalíu.

Dagný, sem hefur komið sterk inn í lið West Ham síðustu vikurnar, hefur misst af síðustu leikjum íslenska liðsins vegna meiðsla, en hún er markahæsti leikmaður í núverandi leikmannahópi liðsins með 29 mörk.

„Æfingar hafa gengið mjög vel og við höfum verið að koma okkar áherslum að bæði í varnarleik og sóknarleik. Við ætlum að reyna að halda vel í boltann í þessum leikjum, spila sterkan og agaðan varnarleik og skapandi sóknarleik,“ segir Þorsteinn um komandi verkefni.

„Við munum dreifa álaginu á milli leikmanna í hópnum og það munu til að mynda allir útileikmenn spila í þessum tveimur leikjum. Það er ekki draumastaða að vera án Söru Bjarkar og Dag-

Ég hef lært mikið á þeim tíma sem ég hef verið hjá Bayern og þeir ætla greinilega að kenna mér mjög margt á meðan ég verð þar. Þá eru þjálfarar liðsins með það á stefnuskránni að styrkja mig mikið líkamlega og breyta mér í þýska vél.

Karólína Lea Vilhjálmssdóttir

nýjar í þessum leikjum en svona er staðan bara.

Ég hef engar áhyggjur af því að aðrir leikmenn muni ekki fylla skarð þessara tveggja leikmanna inni á miðsvæðinu. Fjarvera þeirra reynir hins vegar á aðra leikmenn sem þurfa að stíga upp og sýna leiðtogaþæfileika sína.

Þetta eru lið á svipuðu getustigi en við höldum að aðalliði þeirra spili á þriðjudaginn en þeir leikmenn sem hafa minna spilað í undanförunum leikjum spili í dag,“ segir þjálfarinn enn fremur.

Karólína Lea Vilhjálmssdóttir sem gekk til liðs við Bayern München frá Breiðabliki fyrir á þessu er spennt fyrir komandi leikjum.

„Það er gaman að vera komin aftur undir stjórn Steina og þjálfarateymið hefur komið með ferska vinda á æfingarnar hérna á Ítalíu. Við höfum æft vel hérna og þjálfarnir hafa kynnt okkur sína hugmyndafræði sem ég og nokkrar í liðinu þekkjum mjög vel,“ segir Karólína Lea.

„Ég hef lært afar mikið á þeim tíma sem ég hef verið hjá Bayern bæði innan vallar og utan. Þeir ætla greinilega að kenna mér mjög margt á meðan ég verð þar. Þá eru þjálfarar liðsins með það á stefnuskránni að styrkja mig töluvert líkamlega og breyta mér í þýska vél.“

Ég er að búa ein í fyrsta skipti og það reynir svolítið á. Mér hefur verið mjög vel tekið þarna og stelpurnar hafa hjálpað mér að aðlagast. Ég hef nú þegar bætt mig töluvert fótboltalega séð og þeir eru mjög viljugir í að bæta mig enn frekar í framhaldinu,“ segir þessi tæplega tvítugi sóknartengiliður um fyrstu kynni sín af München.

Leiknum sem spilaður verður á Coverciano, æfingasvæði ítalska landsliðsins, í Tirrenia, verður streymt beint á YouTube-rás KSÍ. [hjorvarolafsson@frettabladid.is](mailto:hjorvarolafsson@frettabladid.is)





# X1

## PLUG-IN HYBRID



### ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA

BMW X1 PHEV. Sérverð: 6.950.000 kr.

Listaverð: 7.640.000 kr.

Nýr, fjórhjóladrifinn BMW X1 Plug-in Hybrid færir þér einstaka og umhverfisvænni akstursánægju sem gerir hverja ferð að spennandi ævintýri.

Kynntu þér fjórhjóladrifna BMW X1, X3 og X5 Plug-in Hybrid og bókaðu reynsluakstur á [bl.is](http://bl.is)

Opið í dag frá 12–16

**Bílasala Akureyrar**  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

**BL söluumboð**  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**Bílasala Reykjaness**  
Reykjanesbæ  
[www.bilasalareykjaness.is](http://www.bilasalareykjaness.is)  
419 1881

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)







Valgerður og Þórður hafa unnið að tónlist saman frá unglingsaldri og lýsa henni sem einhvers konar poppi með þjóðlagaivafi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**ÞAÐ ER SVO MIKILVÆGT  
AÐ PASSA UPP Á ÞESSAR  
GERSEMAR OG MIÐLA  
ÁFRAM TIL NÆSTU KYN-  
SLÓÐA.**

„Þetta var svo skemmtilegt verkefni að okkur langaði að halda áfram að próa það,“ segir Valgerður. „Við höfum líka flutt dagskrána fyrir Íslendinga og það er virkilega gaman að sjá hvað fólk nýtur þess að upplifa þjóðlögin og sögurnar sem tengjast þeim,“ bætir hún við.

Þórður segir þau eiga áhugann á íslenska þjóðlagaarfinum sameiginlegan og þeim finnst mikilvægt að halda þessari tónlist á lofti.

„Við vorum einmitt að klára verkefni með grunnskólunum hérna á Akranesi þar sem við unnum saman með nokkur íslensk þjóðlög og krakkarnir voru mjög áhugasamir, spáðu mikið og spekulueruðu,“ segir hann.

„Það er svo mikilvægt að passa upp á þessar gersemar og miðla áfram til næstu kynslóða.“

# Frá Hannesarholti og heim í stofu

Hjónin Valgerður Jónsdóttir og Þórður Sævarsson koma fram í Hannesarholti á sunnudaginn og verður streymt frá viðburðinum á Facebook-síðu staðarins. Tónleikarnir eru hluti af föstum lið hússins sem kallast Syngjum saman og verða sumarið og vorið áberandi á lagalistaum.

Björk  
Eiðsdóttir  
bjork@frettabladid.is



Þau Valgerður og Þórður hafa unnið saman að tónlist frá unglingsaldri en hvort ætli hafi komið á undan, samstarfið eða ástarsambandið? Valgerður verður til svars: „Við kynntumst í Leiklistarklúbb Fjölbrotaskóla Vesturlands þar sem við lékum Auði og Baldur í uppsetningu á Litlu Hryllingsbúðinni. Þá vorum við í hóp sem hafði þessi sömu áhugamál, tónlist og leiklist, stofnuðum hljómsveit og byrjuðum að semja

lög saman. Síðan hefur tónlistin verið svona rauður þráður í gegnum lífið hjá okkur og við höfum verið í ýmsum hljómsveitum en kannski unnið mest tvö saman.“

Þórður bætir við að samstarf þeirra hjóna hafi svo aukist með árunum og einskorðist nú ekki við tónlistina. „Fyrir þremur árum opnuðum við afþreyingarsetrið Smíðjuloftið á Akranesi þar sem við sameinum áhugamálin okkar: tónlist og klifur. Auk þess sem við nýtum bæði menntun okkar, en ég er íþrótt- og heilsufræðingur og Valgerður tónmenntakennari. Þannig að við vinnum mikið saman dags daglega núna í rekstrinum. En Valgerður dregur vagninn í tónlistinni nú orðið, kennir og semur lög og texta og hóar svo í mig til að aðstoða,“ segir hann.

**Þjóðlagaarfurinn mikilvægur**  
Síðastliðin ár hafa þau hjón komið fram undir nafninu Travel Tunes og þannig kynnt íslensk þjóðlög fyrir ferðamönnum. Hugmyndin kom upp þegar þau bjuggu í Kaupmannahöfn í okkur ár og voru beðin að kynna íslensk þjóðlög fyrir Dönum við ýmis tækifæri.

**Lag við ljód Hannesar Hafstein**  
Þau hjón hafa gefið út töluvert efni í gegnum tíðina en lýsa tónlist sinni sem einhvers konar poppi með þjóðlagaivafi þar sem laglinur og gítarriffkomi sterk inn.

Valgerður býr að bakgrunni í klassískri tónlist og segist vera að feta sig áfram sem lagasmið. Síðastliðið haust tók hún einmitt þátt í lagakeppni Hannesarholts þar sem fólk var hvatt til að senda inn lög við ljód að eigin vali eftir Hannes Hafstein. Hún bar sigur úr býtum með framlagi sínu við fyrsta erindi ljóðsins Áraskiptin 1901-1902.

„Mér fannst ljóðið eiga svo vel við þann tíma sem við lifum núna, þó það hafi verið samið fyrir rúmum 100 árum. Það er mikil birta og hvatning í því. Ég er mjög stolt af því að lagið hafi hlotið verðlaun og eins virkilega ánægð með að Hannesarholt hafi staðið fyrir þessari keppni. Það var mjög góð þátttaka og frábært að sjá gróskuna í tónlistinni,“ segir hún.

**Kynslóðir saman í fjöldasöng**  
Syngjum saman hefur reglulega verið á sunnudagsdagskrá Hannesarholts undanfarin átta ár. Það er tónlistarkonan Harpa Þorvaldsdóttir sem heldur utan um söngstundirnar og fjölbreyttur hópur tónlistarfólks stýrir söngnum.

Samkvæmt Ragnheiði Jónu Jónsdóttur, forstöðukonu Hannesarholts, koma oft og tíðum saman þrjár kynslóðir til að taka þátt í fjöldasöngnum og birtast textar á tjaldi. Eftir að streymið kom til sögunnar hefur þátttakan svo fæst út fyrir landsteinana og hópar Íslendinga í útlöndum getað notið þess að syngja með á ástkæra ylhýra í stofunni heima hjá sér.

Vanalega eru gestir boðnir velkomnir í samsönginn auk þess sem söngstundunum hefur verið streymt á Facebook-síðu staðarins en vegna samkomutakmarkana er nú ekki hægt að taka á móti gestum. Söngelskir eru aftur á móti hvattir til að hlýða á heima og taka hástöfum undir.

„Í söngstundinni á sunnudaginn verðum við með fullt af fallegum lögum um vorið og sumarið í bland við ýmis dægurlög sem allir þekkja og einhver íslensk þjóðlög líka,“ segir Valgerður.

## Meningarsetrið Hannesarholt

Húsið að Grundarstíg 10 sem hýsir Hannesarholt var byggt árið 1915 af Hannesi Hafstein, fyrsta íslenska ráðherra og var síðasta heimili hans.

Á þeim 92 árum sem húsið var heimili fólks bjuggu þar allt frá einum einstaklingi upp í 28 manns. Núverandi eigendur keyptu húsið í nóvember 2007 og var það opnað almenningi eftir gagngerar endurbætur í febrúar 2013, sem Hannesarholt sjálfseignarstofnun.

Það er upplifun að heimsækja Hannesarholt þar sem hægt er að njóta matar og drykkja á veitingastaðnum á fyrstu hæð og skoða svo einstakt húsið og kynnast sögu þess, með eða án leiðsagnar.

### Konurnar í lífi Hannesar

Á efri hæð er jafnframt í sýningu stuttmyndin Konur – Áhrifa-



Húsið að Grundarstíg 10 sem hýsir Hannesarholt var byggt árið 1915 af Hannesi Hafstein, fyrsta íslenska ráðherra og var síðasta heimili hans.

valdar í lífi Hannesar Hafstein, en samkvæmt Ragnheiði Jónu, er það dýrmætasta í þeirri sýningu, hvernig hún minnir á mikilvægi þess að karlar og konur vinni saman svo framfarir geti átt sér stað.

„Hannes Hafstein ólst upp í góðum skilningi á mætti kvenna og mikilvægi þess að þær tækju virkan þátt í að móta samfélagið. Konurnar sem við veitum athygli á sýningunni eru valdar með það í huga að þær hafi átt sinn þátt í því að gera hann að því líkum kvenréttindamanni að hann lét sig aldrei muna um að taka slagin fyrir okkur konur á Alþingi, sem oft voru ekki fallegir slagir. Styttan af honum fyrir framan Stjórnarráðið mun hafa risið vegna frumkvæðis kvenna, sem vildu heðra minningu þess manns sem hafði gert svo mikið fyrir þær,“ segir Ragnheiður.



## Vortilboð

Steinn og sökkull, grátt granít  
Grafskrift og skrautmynd (efst)  
Uppsetning á höfuðborgarsvæði,  
Norðurlandi, Akranesi og Borgarnesi  
Frí sending um allt land

Tilboð 1



Blómarammi - innanmál 45 cm

Verð:  
Sett eins og á mynd : 485.000  
Sett án blómaramma : 385.000  
Steinn : 285.000

Tilboð 2



Blómarammi - 45 cm innanmál

Verð:  
Sett eins og á mynd : 560.000  
Sett án blómaramma : 460.000  
Steinn : 360.000

Tilboð 3



Hægt að setja 2 nöfn

Verð:  
Sett eins og á mynd : 315.000  
Steinn án aukahluta : 199.000

Tilboð 4  
113 eða 111



nr 113

Verð:  
Sett eins og á mynd : 185.000  
Steinn án aukahluta : 145.000



nr 111



# Þetta er búíð að hertaka líf mitt í eitt og hálf t ár

Í eitt og hálf t ár hefur **Heiða Björg** átt í deilum við systkini látins sambýlismanns síns um að fá eignarrétt sinn viðurkenndan. Þau bjuggu saman og ráku tvö fyrirtæki. Þau voru par í þrettán ár og ætluðu að gifta sig í fyrra, en hann lést skyndilega árið 2019.

Lovísa Arnardóttir  
lovisaa@frettabladid.is



## ÞAÐ SEM ÉG ER MEST

### PIRRUÐ YFIR ER AÐ LÖGIN

### ERU ÞANNIG AÐ ÞAU ERU

### ERFINGJAR AF ÞVÍ VIÐ

### VORUM EKKI GIFT.

Heiða

Mæðgur nár Heiða Björg og Eygló Scheving kalla eftir því að erfðalögum á Íslandi verði breytt eða þau tekin til endurskoðunar. Heiða Björg hefur frá því að sambýlismaður hennar, Páll Magnús Pálsson, eða Maddi eins og hann var kallaður, lést skyndilega í júlí árið 2019, átt í deilum við fjögur af sex systkinum hans um rétt sinn til helmingeigna þeirra og réttinn til að búa áfram á sameiginlegu heimili þeirra.

Heimilið er að Hvassafelli á Suðurlandi og var upprunalega í eigu foreldra Páls Magnúsar. Hann keypti það svo af þeim með einum bræðra sinna og á endanum keypti hann bróður sinn út og átti landið einn þegar hann kynntist Heiðu Björgu.

Á sambúðartíma þeirra, sem hófst árið 2005, var mikil uppbygging á bænum og mikið af skuldum greitt niður. Þá hófu þau ferða- og veitingaþjónustu og er á landinu rekinn veitingastaðurinn Gamla fjösið, auk þess sem hægt er að leigja sumarhús.

85 prósent eignanna voru skráð á Pál Magnús, það er jörðin, heimilið og veitingastaðurinn, en samkvæmt niðurstöðu dóms í máli þeirra er skýrt af fjárhagur þeirra og eignir voru sameiginlegar þegar það er skoðað nánar.

Að sögn Eyglóar og Heiðu Bjargar ætluðu þau alltaf að skrá eignirnar þannig að þær væru skráðar á þau bæði en þeim láðist að gera það í amstri dagsins. Þau voru ekki gift og samkvæmt erfðalögum, vegna þess að foreldrar hans voru látnir og hann átti ekki börn, erfðu systkini Páls hann, en ekki Heiða Björg.

### Náðu ekki að gifta sig

„Þau voru búin að ákveða að ganga í hjónaband á 60 ára afmæli mómmu 20.06.20 en svo fór sem fór. Það var því ekki konan sem hann elskaði og var búinn að skapa fallett líf með sem erfði, ekki sú sem hann kyssti og fadmaði alla morgna í eldhúsinu þeirra, ekki sú sem hélt utan um hann og var með honum öllum stundum og á dánarbedinum. Ekki sú sem skipulagði og borgaði fyrir jarðarförina hans, ekki sú sem situr ein eftir og syrgir manninn sinn og lífið þeirra saman,“ segir Eygló.

Heiða Björg segir að hún sé mjög leið yfir því að málið hafi þurft að

fara alla þessa leið og yfir framkomu systkina eiginmanns síns.

„Til að gera langa sögu stutta þá missti yndislega móðir mín, sumarið 2019, ástina í lífi sínu og sambýlismann þegar Maddi lést eftir skyndilega blæðingu í heila, hann lá á gjörgæslu í tvær vikur en komst aldrei aftur til meðvitundar. Maddi og mamma höfðu búíð saman í um 13 ár. Með gífurlega mikilli, stanslausri vinnu byggðu þau saman upp blómstrand ferðamannþjónustu og ráku myndarlegt mjólkurbú. Þau voru samstiga og ástfangin,“ segir Eygló í færslu sem hún skrifaði um málið á Facebook, eftir að niðurstaða kom í málinu þann 9. mars síðastliðinn í Héraðsdómi Suðurlands. Niðurstaðan hefur verið kærð til Landsréttar.

### Á rétt á helmingi eigna

Heiða Björg á, samkvæmt niðurstöðunni, rétt á helmingi allra eigna sem skráðar eru í dánarbú sambýlismanns hennar. Í niðurstöðu héraðsdóms er farið ítarlega yfir eignir þeirra við upphaf sambandsins og svo þegar Maddi skyndilega lést. Í niðurstöðunni segir að greinilegt sé að á sambúðartíma þeirra hafi orðið „mikið viðsnúningur á fjárhagsstöðu hans“. Þau tóku gamalt fjós í gegn á landi hans og breyttu því í veitingahús. Þá kemur fram að þrátt fyrir að þau hafi talið fram hvort í sínu lagi þá hafi fjárhagur þeirra verið algerlega samfinn.

„Það sem ég er mest pirruð yfir er að lögin eru þannig að þau eru erfingjar af því að við erum ekki gift. Samkvæmt því geta þau bara á einni nóttu umturnað mínu lífi og ég get ekkert gert í því fyrr en það er búíð að dæma hvað ég á mikið í þessu,“ segir Heiða Björg.

Hún segir að það sé eitt að ekki sé erfðaréttur þegar fólk er ekki gift og að hún hafi þurft að sækja réttinn, en telur líka galla á kerfinu birtast í því að meðan á málinu stóð hafi ekki verið setti stopp á skiptin. ➔



Mæðgur nár Eygló, Heiða Björg og Hrund segja erfðalögin úrelt og að þau megi endurskoða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Ósanngirnin í þessum málaflokki getur verið alls staðar

Vilhjálmur P. Á. Vilhjálmsson, hæstaréttarlögmaður hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur er, meðal annars, sérhæfður í erfðamálum og segir mál Heiðu Bjargar alls ekkert einsdæmi. Hann hefur unnið að mörgum erfðamálum og segir þau alls ekki einföld eða eitt gilda um þau öll.

„Lögin eru skýr fyrir lögfræðinga en það er aldrei hægt að búa til lög sem eru það skýr að allir geti lesið þau. Þannig að mættu þau vera skýrari? Já, eflaust, en ef það er eitthvað sem fólk stendur frammi fyrir þá þarf það hvort eð er alltaf að heyra í lögfræðingi,“ segir Vilhjálmur.

Hann bendir á að erfðaréttur sé samspil mismunandi laga og þar séu erfðalögin aðeins einn þáttur. Aðrir þættir eru hjúskaparréttur, eignarréttur, samninga- og kröfuréttur og alþjóðlegur einkamálaréttur, svo nokkuð sé til tekið, að ógleymdum auðvitað skattarétti.

Hann segir mál á þessu sviði geta verið flókin, oft og tíðum dramatísk og það er oft einhver ósanngirni. Lög geti aldrei komið í veg fyrir vafasama háttsemi en þeim er ætlað að geta leiðrétt slíka háttsemi. Því hafi stundum verið fleygt að maður þekki ekki fólk almennilega fyrr en maður skipti með því dánarbúi.

„Ósanngirnin í þessum málaflokki getur verið alls staðar. Það fer eftir fólkinu sem um ræðir í hverju máli hvar ósanngirnin liggur. Oft er það þannig að fólk er að gifta sig oftast en einu sinni og eigi börn með fleiri en einum einstaklingi og það er þá sem flækjurnar myndast. Lögin eru sett fyrir þann tíma. Þegar þau eru sett þá var fólk saman, sama hvað. Það var varla í boði, samfélagslega, að skilja,“ segir Vilhjálmur.

### Börninn kalli á brúðkaup

Vilhjálmur segir fólk átta sig á nauðsyn þess að gifta sig þegar það eignast börn þar sem börnin eru lögerfingjar en ekki sambúðaraðilar. Ef sambúðarmaki fellur frá erfið barnið fjármunina og fær þá til ráðstöfunar við 18 ára aldur. Það eru fáir sem mæla með því að 18 ára einstaklingar fái of mikla fjármuni á viðkvæmum tíma ævi sinnar. Þá er ekki hægt að sitja í óskiptu búí eða nema viðkomandi hafi verið í hjúskap. Þess vegna er ráðgjöfin stundum



Vilhjálmur segir að lögin séu skýr en að niðurstaða máls fari mikið eftir því hver eigi aðild að málinu.

sú að fólk þurfi einfaldlega að gifta sig.

„Það er mikill munur á því að vera í hjúskap eða sambúð. Það er eiginlega rosalega mikill munur og stundum þegar maður er að tala við fólk þá er ráðgjöfin bara að það þurfi að gifta sig,“ segir Vilhjálmur og bætir við: „Þá er spurningin af hverju lög-gjafinn er að „þvinga“ mann til að giftast.“

### Gifting er samningur

Hann segir að gifting, hvort sem hún er kirkjuleg eða borgaraleg, sé í raun ekkert annað en samningur sem, meðal annars, felur í sér erfðarétt. Það megi þó velta því fyrir sér hvort erfðaréttur eigi að skapast við aðrar aðstæður, svo sem í sambúð. Það þyrfti þá að ákveða tiltekið viðmið í þeim efnum og slíkt þyrfti ávallt að fela í sér einhverja skráningu enda ómögulegt að miða við annað. Slíkt þyrfti einnig að skoða í samhengi við hjúskaparréttinn.

„Það er stærri ákvörðun að gifta sig en byrja sambúð og aðilar hafa eins og staðan er í dag þann valkost að vera í sambúð án þess að erfðaréttur stofnist til sambúðarmakans. Ef það ætti að endurskoða eða einfalda erfðarétt milli sambúðaraðila þyrfti að gera það að vel athuguðu máli,“ segir Vilhjálmur og bætir við:

„Staðan er í það minnsta skýr eins og sakir standa. Það er ekki erfðaréttur í sambúð. Þeir sem vilja að makinn sinn erfi sig geta annað hvort gift sig eða nýtt

sér sinn einn þriðja sem frjálsan bréfarf,“ segir hann.

### Dómstóll ákveði

Hann bendir á að ef sambúðarmaki fellur frá þurfi fyrst að skipta félagsbúi sambúðaraðilanna áður en kemur að arfráðstöfun. Við þær aðstæður hafa skapast ákveðnar dómvenjur um hvernig skiptingunni skuli háttað, sem unnt er að nota sem leiðarljós við skiptingu. Ef aðilar geta ekki komist að samkomulagi er unnt að fá afstöðu dómara, þar sem metnir eru ýmsir þættir. Svo sem hvað hver kom með inn í sambúðina, lengd sambúðartíma, tekjur og greiðslur á sambúðartíma og hvort sambúðaraðilum hafi hlotnast börn á sambúðartímanum og stöðu aðila við sambúðarlok.

„Það er þá kannski enginn sem getur skorið úr um hvað sé sanngjarnt nema dómstólar. Því má alveg segja að það sé sanngjarnara að dómstóll ákveði það með öll gögnin fyrir framan sig heldur en að það sé ákveðin regla. Því það er oftast þannig að ákveðnar reglur leiða til ósanngirni í svona málum,“ segir Vilhjálmur.

Spurður hvort hann telji þörf á að kynna þetta betur segir hann eflaust þörf á því. Oftast byrji fólk þó ekki að huga að þessum málum fyrr en um og eftir fimm-tugt. Það sé æskilegt að huga séu fyrst að erfðamálum. Þetta sé oftast ekki flókin skref ef þau eru tekin í tæka tíð.

Eftir andlát einstaklings kunna oft að vera mismunandi sjónarmið uppi um hvað það var sem hinn látni raunverulega vildi og út frá því getur skapast ýmiss konar ágreiningur. Það eru minnstar líkur á ágreiningi milli erfingja ef arflátar gera hreint fyrir sínum dýrum og lýsa því hvað það sé sem þeir vilja.

Hann segir að af eldri kynslóðinni séu margir með þetta á hreinu og hafi gert erfðaskrár og fleira, og það jafnvel oftast einu sinni. Þá hafi einnig margir ákveðið tiltekinn lögmann til að sjá um skiptin, eftir atvikum með tilteknum óskum eða fyrir-mælum.

„Það er í það minnsta okkar reynsla að skýr skilaboð til erfingja, hvort sem það er með erfðaskrá eða öðrum hætti, eru langlíklegust til að skapa sátt,“ segir Vilhjálmur.









Heiða Björg Scheving missti sambýlismann sinn skyndilega.

#### ➔ Reyndi að semja

Eygló, dóttir Heiðu Bjargar, segir að mamma hennar hafi leitað allra leiða til að semja við systkinin og sent þeim mótaðar sátattillögur sem var hafnað. Í þeim tillögum var gert ráð fyrir að erfingjar fengju allan kvóta, fjós, gamla húsið og stærsta hluta landsins. Heiða Björg vildi fá veitingahúsið sem hún stofnaði með Páli Magnúsi, og rekur, heimili þeirra og landskíka með. Þeirri tillögu var alfarið hafnað af systkininum.

Eygló segir missi þeirra að sjálf-sögðu hafa verið mikinn en að snemma í ferlinu hafi komið í ljós að ekki var mikill samningsvilji á meðal þeirra, sem Heiða Björg tekur undir. Hún hafi alltaf vitað að systkinin myndu erfa hann og það þyrfti að greiða niður skuldir og fara yfir málin eins og nauðsyn er þegar manneskja fellur frá.

„Ég vissi alveg að þau myndu erfa hann en ég vissi líka að ég ætti einhvern rétt hérna,“ segir Heiða Björg og segir að sorgin hafi ekki fengið að komast að meðan á þessu máli stendur.

„Þetta er búið að hertaka líf mitt í eitt og hálf ár.“

#### Reyndu að láta bera hana út

Í bréfi sem systkinin sendu Heiðu Björgu í október eftir að Páll Magnús lést kemur fram að hún sé ekki lögerfingi hans en hafi frá andláti hans búið í fasteign hans. Þar segir að til að greiða niður skuldir dánar-búsins sjái þau ekki aðra leið en að selja allar eignir búsins og að hún þurfi því að fara. Þetta er aðeins um átta vikum eftir andlátið.

„Þá sá mamma mín fram á annað áfall, að missa ekki aðeins manninn sinn heldur í ofanálag heimili sitt og lífsviðurværi,“ segir Eygló. Hún segir að það eina sem móðir hennar hafi getað gert í þessari stöðu hafi verið að sækja mál á hendur dánarbúinu og fara fram á að sambúð þeirra yrði gerð upp. Þannig gat hún farið fram á að fá 50 prósent af sameiginlegri eignamyndun þeirra á meðan þau bjuggu saman. Eygló gagnrýnir lítinn samningsvilja systkinanna og að þeirra boð hafi ávallt gert ráð fyrir að hún fengi ekkert.

„Þau hefðu alveg getað boðið henni 30 prósent eða einhverja aðra tölu, en krafa þeirra var alltaf að mamma fengi ekkert,“ segir Eygló.



#### ÞÁ SÁ MAMMA MÍN FRAM

#### Á ANNAD ÁFALL, AÐ MISSA

#### EKKI AÐEINS MANNINN

#### SINN HELDUR Í OFANÁLAG

#### HEIMILI SITT OG LÍFS-

#### VIÐURVÆRI.

Eygló

Hún segir málið hafi tekið mikið á móður sína ofan á þá miklu sorg sem hún upplifði við að missa maka sinn skyndilega.

Heiða Björg segir að sambandið hafi alltaf verið gott við systkinin á meðan Páll Magnús lifði, þó svo að það hafi kannski ekki verið mikið.

„Ég átti bara ekki von á þessu,“ segir Heiða og bætir við að stuttu eftir andlátið hafi þræður hans mætt og tekið alls kyns verkfæri og tæki úr húsum og hún hafi þá ekki verið í neinu standi til að takast á við þá um það.

Eygló segist vonast til þess að móðir hennar geti nú horft fram á við í nýjum veruleika. Hún segir alla aðila málsins, sama um hvern ræði, vera fórnarlömb úreltra erfðalaga og að þegar fjölskyldan hefði átt að standa saman hafi hún tvístrast.

„Erfðalögin eru augljóslega ekki í takt við raunveruleika nútímans. Finnst einhverjum þetta eðlilegt? Hvenær á að breyta þessu?“ spyr Eygló og bætir við að tilgangur hennar með því að vekja athygli á þessu sé ekki að fara á nornaveiðar. Henni þyki nauðsynlegt að vekja athygli á mögulega úreltum lögum og þeim áhrifum sem þau geta haft á fólk sem er nýbúið að upplifa missi.

„Það þarf svo að breyta þessu,“ segir hún að lokum.

## Ekki einfalt pennastrik

Hrefna Friðriksdóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, segir fulla ástæðu til að skoða réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð en hún hefur skrifað mikið um það og rannsakað réttar-áhrifin, bæði hvað eigi við þegar fólk er að skilja og þegar annar aðilinn lætur lífið. Hún segir það þó alls ekki tilviljun að munurinn sé svo mikill á milli fólks í hjúskap og í óvígðri sambúð. Lögin voru sett árið 1962 og hafa ekki verið endurskoðuð síðan þá.

„Þar hef ég alltaf hvatt til þess að þetta sé skoðað vandlega. Þetta hefur í sjálfu sér lítið sem ekkert verið skoðað en það er ekki tilviljun að þetta er svona. Stefnuyfirlýsing hefur alltaf verið að gera greinarmun á hjúskap og sambúð og rökin hafa verið þau að leyfa fólki að velja, að velja hjúskap sem er meira skuldbindandi og miklu skýrari hvað varðar reglur, réttindi og skyldur. Svo er sambúð óformlegri og opnari og það hefur verið réttlætt með því að fólk geti valið, meðal annars valið að gera ráðstafanir ef það kærir sig um það, þá sérstaklega sambúðarfólk,“ segir hún.

Hrefna segir að fólk sem er í sambúð geti gert erfðaskrá en sambúðarfólk geti þó aldrei tryggt sér sambærilegan rétt og fólk sem er í hjúskap samkvæmt lögum.

„Það getur tryggt rétt sinn að einhverju marki,“ segir Hrefna.

„Vandinn er sá að það er auðvelt að segja þetta. Að fólk geti valið sér fjölskylduform, hjúskap eða sambúð, og það eigi að átta sig á muninum. Það er ofboðslega auðvelt að segja þetta en svo veit maður á móti að í allt of ríku mæli þá gerir fólk þetta ekki og gerir ekkert af þessu,“ segir Hrefna.

Hún segir fólk almennt illa upplýst um muninn og ekki vera að taka ákvarðanir um hvort það sé í sambúð eða hjúskap byggt á þessum réttindum sem það fær eða fær ekki.

„Það er ekkert endilega að velja þetta út frá þessum reglum. Það er að velja þetta út frá einhverju allt öðru,“ segir Hrefna.

*Svo eru fáir að hugsa um dauðann?*

„Svo er það nú það. Það virðast fáir gera erfðaskrá og maður sér vísu tilhneigingu til að ýta því á undan sér eða draga það,“ segir Hrefna sem segir að það kveiki þá á spurningum til löggjafans um hvort hann vilji marka nýja stefnu.

„Þá þarf að skoða hvort við viljum miða við eitthvað annað. Við höfum verið að miða við þessa meginreglu, um frjalsan vilja og val og við þurfum að skoða hvort við eignum að miða við eitthvað annað. Hvort við miðum við einhvers konar vernd eða hvort það séu til reglur sem gripa fólk í ákveðnum aðstæðum. Ef við veljum það er það ekkert endilega klippt og skorið hvernig við útfærum það. Það eru sumir sem halda að þetta sé einfalt pennastrik. Að það sé yfirsjón að það sé ekki erfðaréttur í sambúð og það sé hægt að kippa því í liðinn með einföldu pennastriki, en það er það nú samt ekki. Sambúð og hjónaband er ekki það sama og fólk er ekki að velja það á sömu forsendum,“ segir Hrefna.

#### Fullt tilefni til endurmats

Hún segir að ef til vill myndi fólk í sambúð ekki hugnast það að erfðarétturinn fylgdi frá fyrsta degi.

„Sambúð er fjölbreyttari en hjúskapurinn,“ segir Hrefna og bendir á að ef það eigi að móta nýjar reglur um sambúð þurfi að ákveða hvers konar sambúð það eigi að gilda um, það þurfi að afmarka það.



Hrefna Friðriksdóttir telur að það sé tímabært að endurskoða erfðalögin. FRÉTTAFLAÐIÐ/EYFÓR



#### VIÐ MEGUM EKKI LOKA

#### AUGUNUM FYRIR ÞVI

#### HVERNIG FJÖLSKYLDU-

#### FORM OG AÐSTÆÐUR

#### FÓLKS ERU ORÐNAR MIKLU

#### FJÖLBREYTTARI EN ÞEGAR

#### VIÐ SETTUM ERFÐALÖGIN

#### UPPHAFLEGA ÁRIÐ 1962.

„Svo stökkvum við ekki til og ákveðum að eitthvað eitt gildi bara við andlát. Það þarf að fá skýrari heildarmynd. Hvernig er stofnað til sambúðar, hvaða áhrif það hafi ef henni er slitið og ef annað fellur frá. Það væri eðlilegast að skoða heildarmyndina,“ segir Hrefna.

Hún segir að mun fleiri mál komi upp þegar fólk er að slíta sambúð en þegar annað þeirra fellur frá.

„Þar sjáum við þennan viðvarandi misskilning sem fólki tekst oft illa að leysa. Sjónarmiðin eru mjög matskennd, fólk hefur ólíkar væntingar um hvernig eigi að haga fjárhagslegu uppgjöri og leitar oft til dómstóla. Það er ekki ósvipað þessu máli,“ segir Hrefna og vísar til máls Heiðu Bjargar.

Hún segir að niðurstaðan í máli Heiðu Bjargar, ef hún stendur, sé eins og góð og hún getur verið, miðað við lögin.

„Ég hef aldrei slegið því föstu að þetta sé allt úrelt og það sé handvömm að það sé ekki búið að breyta þessu með ákveðnum hætti. Ég hef bent á að löggjafinn mótaði þetta fyrir löngu síðan, það er að fólk eigi að geta valið sér fjölskylduform með tiltekin réttaráhrif. Ég tel að það sé fullt tilefni til að meta þetta aftur. Það kann að vera að löggjafinn ákveði samt sem áður að það sé besta leiðin að byggja áfram á því að fólk hafi val,“ segir Hrefna en segir að það gæti þá verið ákveðið að fara í átak til að kynna það betur hvað fólk er raunverulega að velja þegar það velur sambúð í stað hjúskapar.

#### Hægt að kynna fólki muninn

Spurð hvar eða hvenær hægt væri að kynna fólki þessi réttindi segir Hrefna að það megi ekki vera of snemma á lífsleiðinni því fólk þurfi að geta sett sig í þessi spor. Ein leiðin sem hafi verið nefnd er að veita upplýsingar þegar fólk skráir sig í sambúð.

Önnur leið er að fara með fólki í gegnum þetta þegar þau í sambúð kaupir eign eða tekur lán saman.

Hrefna undirstrikar að það sé fullt tilefni til að skoða lögin og meginreglurnar sem miðað er við. Þó svo að það yrði komist að sömu niðurstöðu um að miða við sömu meginreglur þá myndi samt skoðunin sjálf vekja athygli og umræðu.

Hún telur mikilvægt að skoða þetta allt í heild. Hvað er sambúð og hvaða áhrif á sambúð að hafa, meðan hún varir, við sambúðarslit og við andlát sambúðarmaka. Það geti verið flókið því sumir eigi börn og aðrir ekki, sumir séu í skráðri sambúð og aðrir ekki og sumir hafi verið í sambúð í áratugi en aðrir í einhverja mánuði.

„Svo þurfum við að spyrja okkur hvort við viljum hafa sömu reglur um sambúð og hjúskap eða hvort við viljum hafa einhverja millileið,“ segir Hrefna.

Hún segir að þetta hafi verið skoðað betur á hinum Norðurlöndunum. Þar hafi verið meiri umræða og gerðar breytingar sem hægt væri að skoða.

#### Ábyrg fyrir hjónaböndum

Hrefna telur að á Íslandi sé ekki búið að hafna hjónabandinu.

„Það er ekki búið að hafna hjónabandinu. Í fyrsta lagi er sambúð hugsuð sem aðdragandi og sem tilraun. Meirihluti, ef ekki bara allir sem byrja á sambúð, hugsa það ekki sem hjónaband og vilja ekki að það sé jafn skuldbindandi. Þeir hugsa það sem aðdraganda og þá er engin andstaða við að ganga síðar í hjónaband. Að mínu mati eru fáir sem eru hugmyndafræðilega á móti því. Það sem getur gerst er að þetta gleymist í dagsins önn. Fólk yfir þessu á undan sér. Ef þú nýtir til dæmis ekki tækifærið árið sem þið bæði áttuð stórafmæli, árið sem barn fæðist eða þið fluttuð í nýtt húsnæði, þá einhvern veginn liða árin og það verður erfitt að finna rétta tímann,“ segir hún.

Hrefna segir gaman að segja frá því að þegar hún hefur komið í viðtöl og fjallað um málið í kúrsum sem hún kennir þá hafi fólk tekið það til sín persónulega og gengið alla leið.

„Ég held að ég beri ábyrgð á ófáum hjónaböndum,“ segir Hrefna og hlær. Hún ítrekar þó að hún sé ekkert sérstaklega að mæla með hjónabandi umfram sambúð. Fyrst og fremst vilji hún opna augu fólks fyrir mismunandi réttaráhrifum og hvetja fólk til að taka upplýsta ákvörðun sem hentar hverju sinni.

„Í dag er til dæmis svo mikið af fólki í samböndum númer tvö eða þrjú, í samsettum fjölskyldum. Hjónabandið er mjög skuldbindandi og það er ekkert sjálfgæfið að þegar þú ert í sambandi númer tvö eða þrjú kærir þú þig um þessar skyldur og réttindi sem fylgja því. Við megum ekki loka augunum fyrir því hvernig fjölskylduform og aðstæður fólks eru orðnar miklu fjölbreyttari en þegar við settum erfðalögin upphaflega árið 1962,“ segir Hrefna.

„Réttarstaða sambúðarfólks er ekki einfalt mál. Þetta er mjög persónulegt og tilfinningalegt staða og það getur orðið alveg hræðilega sárt þegar óvæntir atburðir gerast og réttaráhrif koma fólki í opna skjöldu,“ segir Hrefna að lokum.



# MERINO VIKA 10.-18. APRÍL

## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MERINO ULLARVÖRUM

Það þarf ekki að vera kalt á toppnum

Frábært í hlaupin og á hjólið,  
nauðsynlegt í fjallgönguna  
og alla útivist.



### FUSION

MADE IN EUROPE AT THE FUSION FACTORY

Fusion síðerma bolirnir eru þunnir en ótrúlega hlýir. 100% sérválin merino ull. Fusion fatnaðurinn er einfaldlega í sérflokki.



Coldpruf er laufléttur undirfatnaður sem andar vel. Hentar fyrir mikla hreyfingu og mikinn kulda. Hentar frábærlega sem innsta lag.



### features

Features merino ullarsokkar. Frábærir sokkar sem koma í 4 hæðum upp á legginn og í þremur þykktum. Stuðningur undir iljar, læsing í hæl og saumalaus táhetta.



### RUNDERWEAR

PERFORMANCE UNDERWEAR

Runderwear merino nærfatnaður fyrir konur og karla. Frábær í hlaup og göngur. Íþróttundirfatnaður ársins í UK 2018-2020.



### COMPRESSPORT

Compressport merino sokkar. Ofurfín Merino ull með silfurþráðum. Stuðningur undir iljarnar. Höggdempun í hæl og tábergi, viðheldur líkamshita og andar vel. Þorna strax ef þeir blotna.



## FÆTUR TOGA

LEIÐIN TIL ÁRANGURS

Kringlan 3. hæð - Höfðabakki 3 - Faeturtooga.is - Sími 55 77 100



# Loppumarkaðir – allir græða

Vinsældir svokallaðra loppumarkaða aukast sífellt hér á landi og styðja vel við markmið hringrásarhagkerfisins. Íslendingar taka vel í að kaupa vel með farinn fatnað á niðursettu verði og selja sitt áfram þegar notkun hættir.

Björk  
Eiðsdóttir  
bjork@frettabladid.is



Markaðirnir virka þannig að einstaklingar selja notaðan fatnað, fylgihluti og húsbúnað í umboðssölu. Markaðurinn, eða verslunin, halda utan um allan pakkann og tekur fyrir það þóknun. Kúnninn fær ódýrari vöru, oft og tíðum merkjavöru sem upphaflega er mun dýrari. Buddan tútnar út og samviskan ljómar, enda fataiðnaðurinn ansi frekur þegar horft er til loftslagssjónarmiða. Rekstraráðilar þeirra fjögurra markaða sem við ræddum við segja viðbrögðin framfar vonum og augljóst að ákveðin vitundarvakning hafi átt sér stað í þjóðfélaginu. Viðskiptavinir markaðanna eru allt frá unglíngum til eldri borgara og úr flestum stigum þjóðfélagsins.



Gersemur leynast á mörkuðunum og hafa margir gert góð kaup á til að mynda merkjavöru og greitt þannig aðeins brotabrot upprunalegs verðs.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI



Guðriður Gunnlaugsdóttir er stofnandi Barnaloppunnar og Extraloppunnar ásamt eiginmanni sínum, Andra Jónssyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Barnaloppun

850 fm

Hjónin Guðriður Gunnlaugsdóttir og Andri Jónsson opnuðu Barnaloppuna í Skeifunni 11D í maí árið 2018. Hugmyndina fengu þau þegar þau bjuggu í Danmörku og kynntust svipaðri starfsemi.

„Við höfum alltaf verið mikið fyrir að kaupa og selja notað, bæði fyrir okkur og börnin okkar. Við vildum því endilega stofna fyrirtæki tengt notuðum varningi á einhvern hátt, bæði út af ástríðu

okkar gagnvart „second hand“ og til að geta verið með samfélagslega ábyrgt fyrirtæki sem væri mjög umhverfisvænt og tæki þátt í hringrásarhagkerfi Íslands,“ segir Guðriður. Segja má að vel hafi tekist til enda er Barnaloppun nú komin í helmingi stærra pláss í sama húsnæði, Skeifunni 11A.

Hvernig er framkvæmd markaðarins?

„Fólk bókar bás hjá okkur þar sem það selur sínar barnavörur. Við sjáum um alla söluna eftir að bás er settur upp, en leigjendur ákveða verð og setja hann upp sjálf.“

Hvernig vörur eru til sölu?

„Allar barnavörur sem hægt er að hugsa sér. Við erum með 313 bása í leigu og er alltaf uppbókað hjá okkur en mismunandi hversu langur biðtíminn er. Venjulega eru yfir 30.000 mismunandi barnavörur til hjá okkur, fatnaður, leikföng, bækur, vagnar, meðgönguföt, bílstólar og allt þar á milli.

Eftir eitt og hálf ári í rekstri fengum við umhverfisverkfræðinga frá Eflu til að reikna út hversu mikið af kolefnissporum við hefðum sparað frá upphafi og eru tölurnar sláandi. En það má áætla að þær tölur hafi þrefaldast frá því það var reiknað út upphaflega. Samkvæmt Eflu er hægt að áætla að við höfum sparað útblástur tæplega 10.000 bíla á einu ári.“

Hvernig er framkvæmd markaðarins?

„Við leigjum út barna- og fullorðinsbása, ásamt því að vera með svæði fyrir stærri hluti, allt frá kertastjókum til barnavagna. Þá erum við einnig með góðgerðabás þar sem básaleigjendur geta skilið eftir það sem ekki selst og söluandvirðið rennur til góðgerðamála.“

Hvernig er framkvæmd markaðarins?

„Þú leigir hjá okkur bás, skráir fötin sem þú vilt selja inn á innri vefinn okkar ásamt því að ákveða verðin þín sjálfur. Eftir það færðu afhent strikamerki sem þú festir við hverja flik og hengir upp á básinn, en innifalið í básaleigunni eru herðatré, stærðarmerkingar og



Hjónin  
Davíð Örn  
Jóhannsson  
og Jana Maren  
Óskarsdóttir,  
stofnendur  
og eigendur  
Hringekjunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI

## Hringekjan

150 fm

Hjónin Davíð Örn Jóhannsson og Jana Maren Óskarsdóttir fundu það síðasta sumar að vöntun væri á verslun af þessu tagi í miðborginni og opnuðu dyr Hringekjunnar í Þórunnartúni í janúar síðastliðnum.

„Við hönnuðum umhverfi verslunarinnar með það að leiðarljósi að flæðið í versluninni og fatnaður myndi njóta sín sem best. Einnig var okkur hugleikið að auka við þjónustu við viðskiptavini og spara þeim sporin og því bjóðum við upp á lagerrými þar sem við geymum vörur fyrir viðskiptavini okkar og fyllum á þeirra bás eftir þörfum,“ segir Davíð.

Hvernig er framkvæmd markaðarins?


„Einstaklingar geta bókað hjá

okkur pláss í 7 til 28 daga og selt hjá okkur sinn fatnað og fylgihluti. Við útvegum merkisþjöld með áföstum verðmiðum ásamt þjófavörnum sem viðskiptavinir sjá um að koma fyrir á sínum vörum en þeir geta komið með allt að 60 flikur í einu.“

Hvernig vörur eru til sölu?

„Fatnaður og fylgihlutir fyrir fullorðna. Vöruúrvalið er hins vegar mjög fjölbreytt, allt frá buxum, kjólum, kápum og skóm yfir í íþróttafatnað og merkjavöru fyrir alla aldurshópa og öll kyn, hvort sem það eru nýlegar vörur eða „vintage“.

Það varð algjör sprenging hjá okkur í febrúar þar sem fjöldi seldra hluta jókst um 50 prósent milli mánaða þrátt fyrir að janúar hefði farið fram úr okkar björtustu vonum. Fyrstu þrjá mánuðina erum við búin að kom 5.090 hlutum í nýjar hendur,“ segir Davíð.



Andri Jónsson og Brynja Dan Gunnarsdóttir, eigendur Extraloppunnar í Smáralind.

## Extraloppun

460 fm

Andri og Guðriður eigendur Barnaloppunnar fundu fljótt fyrir mikilli hvatningu að opna slíka verslun fyrir fullorðna. Þau fengu Brynju Dan Gunnarsdóttir með sér í lið og opnuðu Extraloppuna með henni í Smáralind í júní árið 2019.

„Markmiðið var og er auðvitað svipað ef ekki það sama og í Barnaloppunni, en einnig vildum við svara þörf Íslendinga á að koma „Loppu“-nafninu og konseptinu inn á fullorðinsmarkaðinn líka,“ segir Andri.

Hvernig er framkvæmd markaðarins?

„Fólk bókar bás hjá okkur og við seljum fyrir leigjendur. Leigjendur skrá sínar vörur inn í kerfið okkar og geta fylgst með allri sölu inni á sínu svæði eftir að básinn er settur upp.“

Hvernig vörur eru til sölu?

„Allt milli himins og jarðar fyrir fullorðna en aðallega fatnaður, skór og fylgihlutir. Það er þó oftast en ekki mikið af dýrum merkjavörum, skartgripir, snyrtivörur, tóskur, húsbúnaður ásamt alls konar öðru inn á heimilið til sölu hjá okkur í Smáralindinni.

„Viðbrögðin hafa verið alveg frábær hingað til. Því miður er biðtíminn fyrir bás í kringum þrjú mánuðir en við vonumst til að geta stækkað við okkur vonbráðar. Þess má geta að þegar við opnuðum Extraloppuna þá voru yfir 500 manns að biða fyrir utan innganginn okkar áður en við opnuðum hurðina.“

## Trendport

180fm

Þórlaug Jónatansdóttir fékk hugmyndina að Trendport þegar hún áttaði sig á því að slíka þjónusta væri ekki að finna á Suðurnesjunum þar sem hún býr. Hún ákvað þá að taka málin í sínar hendur og opnaði Trendport við Hafnargötu í Reykjanesbæ í júlí á síðasta ári.

„Ég fór að skoða þá fatamarkaði sem voru í boði og þeir voru allir í Reykjavík eða Kópavogi. Ég var hissa á að þessi þjónusta væri ekki á svæði þar sem búa um 27.000 manns.“

Hvernig vörur eru til sölu?



Þórlaug Jónatansdóttir á og rekur Trendport í Reykjanesbæ.

þjófavarnir. Svo getur þú farið heim og fylgst með söluinni á þinni síðu og við sjáum um rest.

Þetta fór langt fram úr okkar björtustu vonum og kom skemmtilega á óvart en við vissum ekki alveg við hverju mætti búast með því að opna í miðjum COVID-faraldri. En það var bæði mikill áhugi á því að leigja bása og mikil sala. Við verðum einnig vör við aukinn áhuga fólks af höfuðborgarsvæðinu, bæði til að kaupa og selja hjá okkur. Þá kom það okkur skemmtilega á óvart hversu áhugsamir ferðamennirnir síðastliðið sumar voru og greinilegt að þetta er eitthvað sem þeir eru vanir heiman að frá.“



# Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is



## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



# Með leikjapróun í erfðaefninu

Directive Games hafa vaxið mjög síðan fyrirtækið var stofnað í Sjanghæ fyrir sex árum síðan. Nýlega hófust frumprófanir á nýjasta leik þeirra, The Machines Arena, þar sem reynir jafnt á kærsku, snerpu og samvinnu.

Arnar Tómas  
Valgeirsson  
arnartomas@frettabladid.is



**H**ugtakið veruleiki hefur tekið stakkaskiptum á undanförunum árum, en veruleikum fer sífellt fjölgandi samhliða síbreytilegum heimi tækninnar. Flestir þekkja til sýndarveruleika (e. virtual reality), þar sem notendur sökkva sér inn tölvuheiminn. Þá hefur breyttur veruleiki (e. augmented reality) einnig verið áberandi á undanförunum árum, þar sem finna má hluti eins og þrívíð mýndir úr tölvuheiminum í raunheiminum með aðstoð snjalltækja. Þar má sem dæmi taka Pokémon Go! brjálæðið, þar sem Íslendingar flykkust á Arnarhól til að veiða Pikachu og félagi.

Fyrir sex árum síðan komu saman reynsluboltar víðs vegar að úr heiminum og stofnuðu tölvuleikjafyrirtækið Directive Games sem sérhæfði sig meðal annars í sýndar- og breyttum veruleika. Meðal stofnenda var Atli Már Sveinsson, einn af upphafsmönnum CCP í Sjanghæ, ásamt fólki úr lykilstöðum hjá tæknirísum á borð við Ubisoft og EA. Directive Games hefur vaxið talsvert síðan þá og í dag má finna skrifstofur þeirra í Sjanghæ, Los Angeles og í turninum í Kópavogi.

## Eplið og erfðaefnið

„Þegar fyrirtækið er stofnað er breyttur veruleiki í miklum upp-gangi í tölvuleikjaheiminum,“ segir Þorgeir F. Óðinsson, framkvæmdastjóri Directive Games á Íslandi. „Fyrstu leikirnar okkar verða til sem ástfóstur á þessari nýju tækni og vöktu mikla eftirtekt.“

Directive Games skutust fyrir alvöru inn á sjónarsviðið árið 2017 og 2018 á tæknikynningum Apple sem voru að kynna breyttan veruleika sem það nýjasta nýtt fyrir símana sína. Þetta er í eina skipti sem nokkurt leikjafyrirtæki hefur tekið þátt í kynningum þeirra tvö ár í röð. „Við höfum í samstarfi með Apple unnið að því að koma leikjum okkar á stýrikerfin þeirra,“ segir Þorgeir. „Okkar fólk fór upp á svið með þeim og við stimpluðum okkur þar með inn meðal þeirra fremstu í breyttum veruleika á heimssviðu.“

Í kjölfar tæknikynninganna hjá Apple fóru Directive Games í auknum mæli að vinna með stórum, erlendum fyrirtækjum að leikjatekniþróun. Mikil af þeirri vinnu er bundið trúnaðarskyldu en Þorgeir minnst þó á samstarfið við tölvuleikjafyrirtækið Epic Games, sem flestir ættu að þekkja sem framleiðanda Fortnite. „Í erfðaefni okkar er þó ekki bara leikjatekni heldur líka tölvuleikjagerð,“ segir hann.

## Aftur til Íslands

